



# ÁRSSKÝRSLA 2023





# EFNISYFIRLIT

Formáli rektors	3
Skipurit	5
Háskólaráð	6
Fagdeildir	7
Landgræðsluskóli GRÓ	19
Rannsókn- og alþjóðasvið	21
Kennslusvið	24
Sjóðir á vegum Lbhí	25
Brautskráning	26
Starfsár nemendafélagsins	31
Endurmenntun	32
Mannauðs- og gæðamál	33
Rekstrarsvið	35
Ársreikningur	36
Umhverfismál	37
Markaðs og kynningarsvið	38
Rit Lbhí	39
Ritaskrá	40
Gildi	45



# MÓTUN NÝRRAR STEFNU OG STERKARA ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Formáli rektors Ragnheiðar I. Þórarinsdóttur

Árið 2023 einkenndist af vinnu við mótun nýrrar stefnu fyrir Landbúnaðarháskóla Íslands, en sú vinna byggði einkum á niðurstöðu gæðaúttektar um eflingu gæða í íslenskum háskólum. Nokkrir fundir voru haldnir með starfsfólki og fulltrúum nemenda bæði á vor- og haustmánuðum þar sem farið var yfir starf Landbúnaðarháskólans og þann árangur sem náðst hefur á undanförunum árum og rætt hvernig unnt væri að ná enn lengra í því að styrkja starfið til framtíðar. Þar voru sérstaklega skoðuð þau atriði sem úttektarnefnd gæðaráðs íslenskra háskóla benti á í lokaskýrslu sinni í apríl 2023. Þegar drög að nýrri stefnu lágu fyrir um miðjan nóvember var boðað til opins fundar til að fá endurgjöf frá ytri hagaðilum og á fundi háskólaráðs þann 29. nóvember var ný stefna Landbúnaðarháskóla Íslands 2024-2028 samþykkt með gildistöku frá 1. janúar 2024.

Áherslur í nýrri stefnu eru settar fram í fjórum meginköflum:

## Framsækið og spennandi nám

## Rannsóknir, nýsköpun og alþjóðlegt samstarf

## Traustir innviðir, hvetjandi starfsumhverfi og jafnrétti

## Áhrif til framtíðar og ávinningur fyrir samfélagið

Í nýrri stefnu er þannig áfram unnið á þeim grunni sem lagður var með stefnu Landbúnaðarháskóla Íslands 2019-2024. Áhersla er lögð á gæða- og umbótastarf sem styður við stefnu stjórnvalda og áherslna háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um nýsköpun, skilvirkni og gagnsæi í fjármögnun háskólastarfsins. Sérstaklega er horft til þess að auka gæði og skilvirkni kennslu með þróun náms og kennsluaðferða og fjölga útskrifuðum nemendum. Evrópusamstarf verður eftt enn frekar með sókn í samkeppnissjóði s.s. Horizon, Erasmus+ og Life, og doktorsnemendum þannig fjölgað sem og birtingum ritryndra greina. Áfram verður unnið að styrkingu

innviða og góðu og framsæknu starfsumhverfi til að tryggja samkeppnishæfni háskólans í alþjóðlegu samhengi. Þá er mikilvægi samfélagslegs hlutverks Landbúnaðarháskólans dregið fram um eflingu byggða og sókn háskóla.

Stefna Landbúnaðarháskóla Íslands styður vel við stefnu stjórnvalda og samræmist vel nýju reiknilíkani háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis fyrir fjármögnun háskóla sem kynnt var til sögunnar á árinu 2023.

Samhliða vinnu við stefnumótun jókst rannsóknastarfsemi Landbúnaðarháskólans og alþjóðlegt samstarf styrktist. UNIGreen háskólanetið sem er samstarf átta evrópskra háskóla á sviði landbúnaðar, líftækni og lífvísinda og styrkt af Erasmus fór vel af stað og fjölmargir fundir haldnir á árinu þar sem samstarfsverkefni til framtíðar hafa verið undirbúin. Samstarfsaðilar koma frá Spáni, Póllandi, Ítalíu, Frakklandi, Belgíu, Portúgal og Búlgaríu og meginmarkmiðið er að efla samstarf um rannsóknir, nýsköpun og menntun.





Landbúnaðarháskóli Íslands hefur á undanförunum árum unnið að því að efla kennslu, rannsóknir og nýsköpun, meðal annars með eflingu innviða, fjölgun nemenda og auknu alþjóðlegu samstarfi. Háskólinn er staðsettur á alþjóðlegu fuglaverndarsvæði, Ramsar svæði, og aðstæður einstakar á heimsvísu fyrir nám og rannsóknir í landbúnaði, landgræðslu, náttúruvernd, skógrækt og hönnun og skipulagi bygðar.

Landbúnaðarháskóli Íslands tók að sér formennsku í NOVA – norrænu samstarfi um doktorsnámskeið um mitt ár 2023 og var vel heppnaður fundur haldinn í samstarfsnetinu af því tilefni í júní á Hvanneyri. Þá var einnig fundur með formanni BOVA en það er sambærilegt samstarfsnet baltnesku landanna.

Starfsmenn Landbúnaðarháskólans eru virkir í samstarfi UArctic á nokkrum sviðum og þá er einnig góð virkni í samstarfsneti evrópskra lífvísindaháskóla – ICA.

Ný alþjóðleg meistaranámsbraut í endurheimtarfræðum (Restoration Ecology) var boðin í fyrsta sinn haustið 2023. Um er að ræða tveggja ára þverfaglegt nám og voru viðtökur góðar.

Unnið hefur verið að uppfærslu meistaranáms í skipulagsfræði í takt við framþróun í greininni á alþjóða vísu. Um leið er unnið að því að gera námið markvissara og að efla þverfaglegt samstarf við aðrar viðeigandi námsleiðir. Styrkur fékkst til verkefnisins úr Samstarfssjóði háskólanna og er unnið í samstarfi við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands.

Mikil áhersla hefur verið á eflingu jarðræktar á undanförunum misserum og voru sérfræðingar Landbúnaðarháskólans fengnir til að vinna skýrslu fyrir matvælaráðherra um mögulegan ávinning af aukinni kornrækt á Íslandi. Hlaut skýrslan afar góðar viðtökur og hefur matvælaráðherra í framhaldinu gert samning við Landbúnaðarháskóla Íslands um kornkynbætur. Bygging jarðræktarmiðstöðvar á Hvanneyri sem fjármagna á með hluta af Korpu jörðinni hefur hins vegar tafist þar sem beðið er afgreiðslu háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytis, en skýrsla FSRE gerði ráð fyrir að byggingarframkvæmdir myndu hefjast árið 2023.

Mælingar á metanlosun frá iðragerjun nautgripa sem hófust á síðasta ári var haldið áfram og nú liggja fyrir fyrstu niðurstöður mælinga á metanlosun íslenskra mjólkurkúa, sem gefa grunnildi sem byggt verður á við fódurtilraunir þar sem kannað verður hvort minnka megi losun frá jörturdýrum með breyttri fódur.

Endurmenntun LBHÍ hélt áfram að styrkja stöðu sína á árinu 2023. Endurmenntun LBHÍ sinnir símenntun og endurmenntunarþörf á sviði landbúnaðar og matvælaframleiðslu, ræktunar lands, sjálfbærrar nýtingu auðlinda, landslagsarkitektúr og skipulagsfræða. Mörg námskeið Endurmenntunar voru haldin í samstarfi við breiðan hóp hagaðila meðal annars Bændasamtökin, búnaðarsambönd, Skógræktina, Sölufélag garðyrkjumanna, Umhverfisstofnun og Vinnueftirlitið og einingarbæru námi fjölgaði á árinu 2023. Reiðmaðurinn hefur vaxið sérstaklega á undanförunum misserum, en þar er um að ræða einingarbært nám á

framhaldsskólastigi. Um 150 manns luku námi sl. vor og nú er um 250 manns skráðir í Reiðmanninn.

Kynningarstarf Landbúnaðarháskóla Íslands hefur aukið sýnileika á starf Landbúnaðarháskólans og við finnum sterkt fyrir áhuga hagaðila bæði innanlands og erlendis á samstarfi. Það hefur gefið okkur byr undir seglinn og með auknu samstarfi má ná betri árangri til að nýta þau sóknarfæri sem eru framundan í íslenskum landbúnaði, umhverfis- og skipulagsmálum.

Á árinu 2023 var áfram unnið að uppfærslu reglna og stefnuskjala. Unnið var að uppfærslu síðareglna í samstarfi við síðanefnd og voru nýjar síðareglur samþykktar í upphafi árs 2024. Í janúar 2023 var mannauðsstefna samþykkt. Í mars voru nýjar starfsreglur starfsmenntanáms samþykktar. Í júní voru uppfærðar reglur um doktorsnám og doktorssjóð samþykktar.

Í þessu stutta ávarpi hefur einungis verið farið yfir fá af þeim verkefnum sem unnið er að hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, en ljóst að sóknin heldur áfram og flestum ljóst að aukið samstarf hagaðila héraðs og alþjóðlega, aukin rannsóknavirkni, meiri nýsköpun, fjölgun nemenda og starfsmanna er grunnurinn að góðum árangri í Landbúnaðarháskóla Íslands og þar með í íslenskum landbúnaði.

Nemendum, starfsfólki og öðrum samstarfsaðilum er þakkað fyrir árangursríkt samstarf á árinu 2023.



HÁSKÓLARÁÐ

REKTOR

REKSTUR

REKTORSSKRIFSTOFA

STJÓRN

GRÓ LANDGRÆDSLUSKÓLI

FAGDEILD

RÆKTUN  
& FÆÐA



BÚVÍSINDI  
BSc/MSc/PhD



HESTAFRÆÐI  
BSc/MSc/PhD



BÚFRÆÐI  
STARFSMENNTANÁM

FAGDEILD

NÁTTÚRA  
& SKÓGUR



SKÓGFRÆÐI  
BSc/MSc/PhD



NÁTTÚRU- OG UMHVERFIS-  
FRÆÐI BSc/MSc/PhD



UMHVERFISBREYTINGAR  
A NORÐURSLÖÐUM MSc



ENDURHEIMT  
VISTKERFA MSc

FAGDEILD

SKIPULAG  
& HÖNNUN



SKIPULAGSFRÆÐI  
MSc/PhD



LANDSLAGS-  
ARKITEKTUR  
BSc

RANNSÓKNIR &  
ALÞJÓÐASAMSTARF

KENNSLUSKRIFSTOFA  
ENDURMENNTUN

FRAMHALDSNÁM

GRUNNNÁM

STARFSMENNTANÁM





# HÁSKÓLARÁÐ

Rektor  
Ragnheiður I. Þórarinsdóttir

Fulltrúar tilnefndir af háskólafundi  
**Haukur Þórðarson**  
**Jóhannes Sveinbjörnsson**  
Varamenn: Áshildur Bragadóttir og Jóhanna Gísladóttir

Fulltrúi nemenda tilnefndur af nemendafélaginu  
**Þorvaldur Ragnar Þorbjarnarson**  
Varamaður: Aníta Ýr Atladóttir

Fulltrúi tilnefndur af ráðherra  
**Lilja Björg Ágústsdóttir, lögmaður**  
Varamaður: Ingvar Pétur Guðbjörnsson, blaðamaður

Fulltrúar valdir af háskólaráði  
**Daði Már Kristófersson, prófessor við Háskóla Íslands**  
**Þórunn Jónsdóttir, stjórnendaráðgjafi**  
Varamaður: Guðrún Sigríður Tryggvadóttir, bóndi Svartáarkoti og umsjónarkennari Stórutjarnaskóla Þingeyjarsveit





# FAGDEILDIR



**NÁTTÚRA  
& SKÓGUR**



**RÆKTUN  
& FÆÐA**



**SKIPULAG  
& HÖNNUN**

# RÆKTUN & FÆÐA

Erla Sturludóttir, deildarforseti



**Deild Ræktunar og fæðu hefur það að aðalmarkmiði að deila og varðveita þekkingu og dýpka á sviði jarðræktar og búfjárfræða. Enn fremur er leitast við að efla nýsköpun í gegnum rannsóknir og kennslu. Viðfangsefni deildarinnar eru þverfagleg og blandast þar saman líffræðilegir, tæknilegir, efnahagslegir og samfélagslegir þættir sem tengjast landbúnaðarframleiðslu og áhrifum hennar á umhverfið og samfélagið í heild.**

## Námið

Innan deildarinnar er boðið upp á nám í búvísindum og hestafræði til BSc gráðu ásamt því að boðið er upp á einstaklingsmiðað framhaldsnám til meistara og doktorsgráðu. Þá er einnig kennd búfræði sem er á framhaldsskólastigi. Anna Guðrún Þórðardóttir var brautarstjóri búvísinda- og hestafræðibrautar, Helgi Eyleifur Þorvaldsson var brautarstjóri fyrir búfræðina og Jóhanna Gísladóttir var fulltrúi deildar í framhaldsnámsnefnd.

Árið 2023 útskrifuðust 21 nemandi í búfræði og 8 með BSc í búvísindum og 1 með BSc í hestafræði. Þá luku tveir nemandi við MSc gráðu í búvísindum og einn hlaut doktorsgráðu í búvísindum.

Í lok árs voru 84 nemandi skráðir í búfræðina og þar af

voru 26 í fjarnámi. Í grunnnámi í búvísindum voru 47 nemandi skráðir til náms og þar af voru 24 í fjarnámi. Í hestafræði voru 14 nemandi skráðir og þar af 4 í fjarnámi. Í meistaranámi voru 8 nemandi og 4 nemandi í doktornámi.

## Ritstörf

Talsverður tími starfsfólks deildarinnar hefur verið varið í skýrsluskrif fyrir matvælaráðuneytið. Skýrsla um aðgerðaáætlun um aukna kornrækt á Íslandi – Bleikir akkrar var birt árið 2023. Aðgerðaráætlunin var skrifuð að beiðni matvælaráðherra og var markmiðið að kanna fýsileika kornsamlags, leggja fram aðgerðaáætlun til eflingar innlendrar kornræktar og skilgreina þarfir á lágmarksbirgðum kornvöru í landinu. Höfundar skýrslunnar eru Egill Gautason, Helgi Eyleifur Þorvaldsson og Hrannar Smári Hilmarrson.

Jón Hjalti Eiríksson og Egill Gautason unnu að greinagerð fyrir matvælaráðuneytið um möguleika á ræktun fyrir riðuónæmi. Einnig komu þeir að vinnu með Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins þar sem skoðuð voru áhrif mismunandi leiða við innleiðingu verndandi arfgerða og voru niðurstöðurnar birtar í skýrslu, Ræktun gegn riðu, í júlí 2023.

Jón Hjalti Eiríksson og Erla Sturludóttir voru skipuð af matvælaráðherra í sérfræðingahópi sem var yfirdýralækni og Matvælastofnun til ráðgjafar hvað varðar arfgerðir til útrýmingar á riðuveiki. Skýrsla, Aðgerðir gegn riðuveiki: ný nálgun með verndandi arfgerðum, var birt í nóvember 2023. Ráðuneytið óskaði eftir því að LbhÍ myndi framkvæma greiningu á núverandi fyrirkomulagi opinbers stuðnings við landbúnað á Íslandi með sérstakri áherslu á







samanburð við landbúnaðarkerfi nokkurra erlendra ríkja sem eru samanburðarhæf við Ísland. Vinna við þessa skýrslu stóð yfir árið 2023.

Auk ofangreindra skýrslna voru birtar þrjár skýrslur sem tengjast jarðræktarrannsóknum í rit LbhÍ og starfsfólk deildarinnar voru höfundar af 11 ritrýndum greinum. Einnig hafa reglulega birst greinar í Bændablaðinu þar sem sagt er frá starfi innan deildarinnar.

### Verkefnastyrkir og samstarf

Ræktun og fæða hlaut styrki fyrir rannsóknaverkefni að upphæð 94 milljónir árið 2023. Þá var gerður samningur við matvælaráðuneytið upp á 15 milljónir fyrir verkefni í kornkynbótum og ráðuneytið styrkti einnig verkefni tengd riðu um 2 milljónir. Einnig fékkst styrkur upp á 1,5 milljón úr Samstarfssjóði háskólanna til að koma á fót nýju MS námi, Sjálfbær landbúnaður og byggðarþróun, í samvinnu við Háskóla Íslands.

### Verkefni sem hlutu styrk árið 2023:

- Áhrif fóðrunar á vöxt og gæði kjöts af íslenskum holdanautum – Matvælasjóður og Próunarsjóður nautgriparæktarinnar. Samstarf við RML.
- Áhrif kálfadauða og burðarerfiðleika á frjósemi, mjólkurframleiðslu og afdrif íslensku kýrinnar - Próunarsjóður nautgriparæktar
- Áhrif lýsingar og hækkandi styrkleika af CO2 auðgun á vöxt, uppskeru og gæði á tveimur yrkjum af gróðurhúsatómötum - Matvælasjóður
- Beiti mjólkurkúa í mjaltþjónafjósi - Próunarsjóður nautgriparæktar
- Dreifðar byggrykjaltraunir - Próunarsjóður nautgriparæktar
- Endurskoðun á hagrænum áhrifum nýs mjólkurkúakyns – Próunarsjóður nautgriparæktar
- Erfðalegar orsakir kálfadauða í íslenskum kúm – Próunarsjóður nautgriparæktar
- Frá úrgangi þörungna til áburðar fyrir sjálfbæra grænmetisframleiðslu - Tækniþróunarsjóður
- Hafrarækt á norrænum jaðarsvæðum – NPA sjóðurinn
- iðragerjun nautgripa - Loftslagssjóðs
- Kynbótaskipulag fyrir mjólkurkúr – Samstarf við RML
- Leiðir til að auka fallþunga og verðmæti sláturlamba - Próunarsjóður sauðfjárræktar
- Nýting hliðarafurða úr ylraekt í skordýrafóður - Matvælasjóður
- Riðukynbótamat - Próunarsjóður sauðfjárræktar
- Ræktun fyrir hæfilegri fitu á lambakjöti - Matvælasjóður
- Skipulögð yfirsáning grasfræs í tún - leið til að bæta endingu ræktunar? - Próunarsjóður nautgriparæktar
- Skordýrarækt á Íslandi - Orkurannsóknarsjóður Landsvirkjunar
- Tíðni og áhættuþættir kálfadauða og burðarerfiðleika hjá íslensku kúnni - Próunarsjóður nautgriparæktar





## Ráðstefnur og fundir

Hinn árlegi ráðunautafundur RML og Lbhí var haldinn á Hvanneyri 17.-18. ágúst 2023 þar sem yfirstandandi verkefni á sviði landbúnaðarmála voru kynnt og í lok fundar var spildudagurinn haldinn þar sem gestum gafst kostur á að skoða jarðræktartilraunir á Hvanneyri.

Starfsfólk deildarinnar sótti ráðstefnur og fundi bæði erlendis og innanlands. Starfsmenn Lbhí voru meðal annars með erindi á Circumpolar Agricultural ráðstefnunni í Færeyjum, Nordic Feed Science ráðstefnunni og á fagþingi sauðfjárræktarinnar. Þá fór jarðræktarhópurinn á ráðstefnu hjá Plant Phenotyping Network í Noregi. Einnig voru starfsmenn deildarinnar þátttakendur á 10 ára afmælisráðstefnu RML og sóttu fundi NordGen.

## Mannauður

Í lok árs var starfsfólk deildarinnar 29 talsins: starfsfólk í akademískum stöðum voru 10, aðjúntar 5, sérfræðingar 3, kennarar í starfsmenntanámi 6, sérhæft aðstoðarfólk 2, doktorsnemar 3, tveir eru með stöðu gestalektors og einn með stöðu gestaprófessors. Þá koma fjölmargir stundakennarar að kennslunni, 14 stundakennara hafa umsjón með námskeiðum og fleiri koma inn í námskeið með einstaka fyrirlestra. Þrjú starfsmenn létu af störfum við deildina á árinu og ráðningarsamningar voru gerðir við tvo nýja starfsmenn.

## Innviðaupbygging



Búið er að setja upp fullkomna búveðurstöð á Hvanneyri en styrkur fyrir henni fékkst árið 2021 frá Innviðasjóði í samvinnu við Veðurstofu Íslands. Þessi stöð á eftir að nýtast vel við jarðræktar- og umhverfisrannsóknir á svæðinu.

Húsnæði jarðræktarmiðstöðvar á Hvanneyri er orðið mjög lélegt en bygging nýrrar jarðræktarmiðstöðvar hefur tafist enn frekar. Einnig vantar rannsóknargróðurhús ásamt tilraunafjósi og er því mikil þörf á að styðja við innviðaupbyggingu á Hvanneyri til að styrkja landbúnaðarrannsóknir á Íslandi.

## Stjórnsýsla og deildarfundir

Haldnir voru tveir deildarfundir á árinu, sá fyrri var haldinn í veiðihúsi Laxár í Kjós 2.-3. mars og sá seinni á Hvanneyri 13. desember.

Á fyrri fundi ársins var áhersla lögð á rannsóknir og stefnumótun. Fyrri daginn voru kynningar á rannsóknaverkefnum innan deildarinnar en seinni deginum var varið í að ræða rannsóknarstefnu deildarinnar. Skipt var upp í þrjá hópa þar sem hvert og eitt fagsviðið: bótækni, búfjárrækt og jarðrækt voru rædd.

Eftirfarandi er yfirlýsing fundarins: Fundurinn hvetur stjórnvöld til að ganga frá og búa þannig um hnútana að bygging fyrirhugaðrar Jarðræktarmiðstöðvar verði hrint af stað á árinu 2023. Rannsóknæfni deildarinnar eru mörg og margar hugmyndir þeim tengt til staðar. Mikilvægustu verkefni nú tengjast loftslagsmálum, fæðuöryggi þjóðar og hringrás næringarefnanna. Deildin þarf að nýta starfsfólkið sitt vel og það þarf að bæta fleirum í hópinn, við eigum að vinna að þeim verkefnum sem samfélagið hefur falið okkur.

Á seinni fundi ársins var lögð áhersla á kennsluna í búvísindum en áhyggjuefni er hversu léleg þátttaka nemanda er í tímum og hversu margir kjósi frekar að nýta sér fjarnámslausnir. Farið var yfir mögulegar lausnir sem ræddar höfðu verið á vinnustofu kennara í lok annar. Þá var endurskoðun búvísindanámsins kynnt og hvernig hægt sé að bæta þátttöku nemanda með því að auka við verklega kennslu.

Komið var að kosningu deildarforseta og var Erla Sturludóttir kosin deildarforseti og Björn Þorsteinsson varadeildarforseti.





# SKIPULAG & HÖNNUN

Harpa Stefánsdóttir og Hermann Georg Gunnlaugsson



**Fagdeild Skipulags & hönnunar vinnur að menntun, rannsóknum og nýsköpun á sviði landslagsarkitektúrs og skipulagsfræði með áherslu á sjálfbæra þróun. Starfsfólk deildarinnar og kennarar eru landslagsarkitektar, skipulagsfræðingar og hönnuðir sem leggja áherslu á að vernda náttúrulegt og menningarlegt umhverfi okkar og finna nýjar lausnir til framtíðar.**

## Námið

Deild Skipulags og hönnunar býður upp á BSc nám í landslagsarkitektúr og MSc nám í skipulagsfræði. Auk þess er boðið upp á einstaklingsmiðað framhaldsnám til doktorsgráðu. Hermann Georg Gunnlaugsson var brautarstjóri í landslagsarkitektúr og Astrid Lelarge var brautarstjóri í skipulagsfræði.

Á árinu 2023 brautskráðust þrír nemendur með MSc gráðu í skipulagsfræði og 17 nemendur með BSc gráðu í landslagsarkitektúr. Margir þeirra fóru í framhaldsnám erlendis í landslagsarkitektúr eða í skipulagsfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands. Einn nemandi var á síðustu stigum í doktorsnámi sínu í skipulagsfræði og er fyrsti nemandinn í doktorsnámi við deildina.

Haustið 2023 hófu 16 nemendur nám í landslagsarkitektúr og 11 nemendur í skipulagsfræði. Í lok árs voru 36 nemendur skráðir í landslagsarkitektúr og 31 í skipulagsfræði.

Í byrjun desember fór Helena Guttormsdóttir til Kaupmannahafnar þar sem hún fylgdist með kennslu, kennsluáðferðum og verkefnavinnu nemenda í landslagsarkitektúr við Kaupmannahafnarháskóla (KU). Hún tók viðtöl við fyrrum nemendur LbhÍ, sem nú stunda mastersnám í landslagsarkitektúr við KU um reynslu þeirra frá Hvanneyri, undirbúning, námsmat o.fl. Þá tók hún viðtöl við kennara og nemendur í landslagstækni. Að lokum sat hún fund deildar um gæðamál og kennslufræðilegar áskoranir í samtímanum. Heimsóknin var afar áhugaverð og mikilvægt að spegla nám KU við reynsluna á Hvanneyri.

Áfram var unnið að ítarlegri endurskoðun meistaranámsins í skipulagsfræði og þróunarmöguleikum þess. Meðal annars var unnin könnun meðal nemenda í samvinnu við Mariu Wilke, PhD nema í skipulagsfræði. Eitt af markmiðum endurskoðunar námsins er að tryggja gæði námsins í takt við og þær breytingar og kröfur sem orðið hafa á fræðasviðinu síðasta áratug á alþjóðlegum vettvangi tengt þeirri margvíslegu auknu ábyrgð og breyttu færni sem skipulagsfræðingar þurfa að búa yfir að loknu námi. Endurskoðun námskrárinnar tekur einnig mið af reynslu nemenda og hagkvæmni við að halda námskeið, s.s. nemendafjöldi, skuldbindingu þeirra, útskriftarhlutfalls, námstíma, nýtingar mannauðs og skuldbindingar stundakennara. Í samræmi við það hefur verið stigið fyrsta skref til að hagræða núverandi





fyrirkomulag með því að bjóða upp á staðlotur og fjarnámsvikur þeirra á milli. Markmiðið er að gera námið aðgengilegra fyrir nemendur sem eru í vinnu eða búa utan Reykjavíkur, bæta einbeitingu og virkni nemenda í námi og efla samheldni þeirra og gera þátttöku markvissari.

## Ritstörf

Starfsfólk deildar sinni ritstörfum og komu m.a. út tveir bókarkafar og ein ráðstefnugrein þar sem Daniele Stefano var fyrsti höfundur, tvær ritrýndar greinar eftir Samaneh Nickayin, þrjár ritrýndar greinar eftir Maria Wilke og tvær ráðstefnugreinar með Hörpu Stefánsdóttur sem fyrsta höfund. Bókin „Second homes and climate change“, var gefin út hjá Routledge, en í henni á Harpa Stefánsdóttir kafla ásamt meðhöfundum. Í honum er fjallað um mögulega framtíðarnotkun frístundahúsa í Noregi, sem viðbragð við loftslagsbreytingum. Einnig voru skrifaðar greinar í Bændablaðið.

## Verkefnastyrkir og alþjóðasamstarf

Deildin hlaut 20,8 mkr styrk vegna verkefnisins Efling þverfaglegs samstarfs um nám í skipulagsfræði úr Samstarfsjóði háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis. Harpa Stefánsdóttir prófessor í skipulagsfræði leiðir verkefnið, en það er unnið í samstarfi við ýmis fræðasvið í Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík og Listaháskóla Íslands. Anna Sigríður Jóhannsdóttir arkitekt var ráðin í 50% starf vegna verkefnisins til eins árs.

Verkefnið varðar greiningarvinnu á námsframboði og mögulegum samstarfsformum milli háskólanna sem stuðlað geta að samlegðaráhrifum við að styrkja þekkingu tengt viðfangsefnum skipulags og til að tryggja sterkari námsbraut á meistarastigi.

Í verkefninu er skoðað hvernig megi bæta flæði nemenda og akademískra starfsmanna með það í huga að styrkja m.a. þekkingargrundvöll tengt viðfangsefnum skipulagsmála, auka gæði námsbrautar í skipulagsfræði og bæta hagkvæmni og þverfaglega umræðu.

Virkrí þátttöku var haldið áfram í alþjóðlegu verkefni á sviði náttúrumiðaðra lausna (enska: Nature based solutions) þar sem m.a. eru skrifaðar leiðbeiningar fyrir innleiðingu þeirrar aðferðarfræði á Norðurlöndum. Verkefnið er leitt af NINA, norsku náttúrurannsóknastofnuninni og er styrkt af Norrænu ráðherranefndinni. Daniele Stefano er tengiliður Lbhí í verkefninu og tók hann við af Samaneh Nickayin þegar hún hóf störf við Wageningen háskóla síðastliðið haust.

Núverandi og fyrirverandi nemendur undir leiðsögn Önnu Kristínar Guðmundsdóttur í samstarfi við Lbhí unnu áhugavert verkefni á Dalvík styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna um betri bæjarrými.



Niðurstöður verkefnisins má skoða hér <https://online.fliphtml5.com/jlmwm/xvqk/index.html#p=1>.

## Ráðstefnur, fundir og heimsóknir

Námsbrautarstjóri í landslagsarkitektúr var viðstaddur viðurkenningarathöfn þegar Jóna Guðrún Kristinsdóttir tók við viðurkenningu frá ECLAS fyrir frábæran árangur í BSc námi. Þetta er einstök viðurkenning fyrir hana og BSc námið í landslagsarkitektúr við Lbhí.



Helena Guttormsdóttir fór á stærstu arkitektaráðstefnu í heimi, UIA, sem haldin var í Kaupmannahöfn 2.-6. júlí <https://www.uia-architectes.org/en/events/world-capitals-of-architecture/copenhagen>. Þema ráðstefnunnar var Sjálfbær framtíð fyrir alla (Sustainable future-leave no one behind). Þá var afar áhugaverð sýning í BLOX um hundrað ára þróunarsögu Kaupmannahafnar sem borg fyrir fólk.

Jafnframt kynnti hún verkefnið á ráðstefnu sem SSV stóð fyrir þann 25. október. Yfirskrift ráðstefnunnar var Sveitarfélög á krossgötum þar sem annars vegar



var rætt um sameiningar sveitarfélaga og hins vegar hvernig sveitarfélög geta aukið aðdráttarafl sitt til þess að laða til sín íbúa og atvinnustarfsemi.



Harpa Stefánsdóttir leiddi málstofuna The resilient city (ísl. hin seigla borg) á árlegri alþjóðlegri ráðstefnu EURA (European Urban Research Association Conference) ásamt Dr. Sara Moreno Pires, en ráðstefnan fór fram þetta árið í Háskóla Íslands. Hún hélt auk þess tvö erindi á ráðstefnunni.

Hún er jafnframt er í samstarfi við skipulagsfræðideild NMBU (Norwegian University of Life Sciences) og TØI (Norwegian centre for transport research) um rannsóknaverkefnið WALKMORE en það fjallar um skipulag lítilla borga í Noregi sem stuðla að því að fólk gangi í auknum mæli í samgönguguskyni. Hún leiðir tvo af fimm verkþáttum rannsóknaverkefnisins.

Astrid Lelarge er verkefnisstjóri fyrir hönd Íslands í evrópska verkefninu Human Cities-SMOTIES Creative sem tekur til lítilla afskekktara staða. Verkefnið er styrkt af Creative Europe áætlun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Hún á sæti í ritstjórn lokaútgáfu verkefnisins. Að hluta til varðar Human Cities-SMOTIES þátttöku í forhönnun verkefnisins „Sögutorgin“ í Borgarnesi, sem fram fór á tímabilinu apríl til desember 2023 (sogutorgin.is). Hún tók þátt í þessu verkefni, en það var unnið í samstarfi við Alternance slf fyrir sveitarfélagið

Borgarbyggð. Verkefni Sögutorgsins vörðuðu m.a. íbúafund sem opinn var almenningi (16. maí), fjórar vinnustofur með rýnihópum (14. júní, 18. september, 27. október og 6. desember), kynningu á svokallaðri „taktískri þéttbýlisstefnu“ á “Brákarhátíð” (24. júní) og sýningu í Tónlistarskóla Borgarfjarðar (24. júní til 15. ágúst 2023). Astrid skipulagði og flutti fyrirlestur á Sögutorginu, íbúafundi í Borgarnesi 16. maí. Hún skipulagði og leiddi auk þess vinnustofur Sögutorgsins ásamt Birgi Þ. Jóhannssyni arkitekt og Dr. Páli J. Líndal umhverfisálfræðingi (Alternance slf).

Fjölþjóða fundurinn Human Cities-SMOTIES var haldinn í Funchal á Madeira 27. júní – 2. júlí og í Syros á Grikklandi 27.-30. September og tók fulltrúi Lbhí þátt í honum

Harpa Stefánsdóttir var tekin inn í stjórn PLANNORD sem er vettvangur fyrir tengslanet og miðlun þekkingar um skipulagsfræði. Um er að ræða óformlegan vettvang sem starfar fyrst og fremst á Norðurlöndum. Plannord heldur rannsóknarráðstefnu ásamt PhD námskeiði annað hvert ár til skiptis innan Norðurlandanna, en undirbúningur næstu ráðstefnu sem haldin verður í ágúst 2024 í Reykjavík á vegum Lbhí hófst á árinu.

Haldinn var einn fundur vorið 2023 með stundakennurum á meistaranámsbrautinni í skipulagsfræði. Helstu viðfangsefni voru niðurstöður námsmats (viðtalsfundir með einstaka kennara haustið 2022 og könnun meðal nemenda vorið 2023), innleiðing á nýju fyrirkomulagi í kennslu (staðkennslu og fjarkennsluvikur), dagskrá námskeiða og málefni tengd kennslufræði.

Matej Niksic lektor við háskólann í Ljubjana hélt fyrirlestur á námskeiðinu „Borgarskipulagssaga“ í nóvember 2023.

Þann 5. september hélt hinn danski Jakob Sandell frá Schønherr fyrirlestur og vinnustofu um Hringrásarhagkerfi í Landslagsarkitektúr á Hvanneyri. Hátt í fimmtíu aðilar tóku þátt, nemendur Lbhí, og LHÍ, félagar frá FÍLA o.fl. Starfsmenn S&H komu að undirbúningi, skipulagi og útfærslu á vinnustofunni,



Í lok september kom Christine Gerald landslagsarkitekt frá TU Berlín í annað sinn að kenna námskeiðið Að skynja og skissa umhverfið, ásamt Helenu Guttormsdóttir. Námskeiðið er afar vinsælt hjá skiptinimum en rúmlega tuttugu nemendur tóku þátt.



Einnig komu tveir kennarar sem voru á netinu (e. online) og sá Daniele Stefano um undirbúning þessara fyrirlesara. Voru þeir hluti af námskeiðinu Arkitektúr og skipulag eða LARK V.







Prófessor Isotta Cortesi (University of Parma) var með erindi í október 2023 um Designing Landscapes og prófessor Luis Paulo Ribeiro (ISA Lisboa) var með erindi í desember 2023 með sömu yfirskrift.



### Starfsmannamál og stjórnýsla

Samaneh Nickayin fyrrum deildarforseti og brautarstjóri hóf störf við Wageningen háskólann í Hollandi um mitt ár 2023. Eru henni færðar

bestu þakkir fyrir framlag til deildarinnar sl. þrjú ár. Vegna smæðar deildarinnar tók rektor við skyldum deildarforseta tímabundið. Í júlí var Daniele Stefano frá Ítalíu ráðinn í starf lektors, að undangengnu umsóknarferli. Í árslok voru fastráðnir starfsmenn sjö, þrír landslagsarkitektar, einn myndlistarmaður og kennslufræðingur, einn skipulagsfræðingur, einn borgarsagnfræðingur og einn doktorsnemi. Tveir starfsmenn voru í hlutastarfi. Auk þess var einn verkefnaráðinn starfsmaður í 50% starfi. Í heild var því um að ræða 6,65 stöðugildi. Í lok árs var ákveðið að auglýsa starf á sviði landslagsarkitektúrs.

### Deildarfundir

Haldnir voru nokkrir deildarfundir á árinu og einkenndust þeir af umræðu um gæðamál kennslu og hvernig efla mætti samstarf milli brautanna enn frekar og framtíðaruppbyggingu deildarinnar. Ýmsar hugmyndir hafa verið ræddar m.a. um nýjar námsbrautir sem snúa að styttra tæknilegu námi en einnig um nám í landslagsarkitektúr á framhaldsstigi og þá í samstarfi við erlendan háskóla.





# NÁTTÚRA & SKÓGUR

Bjarni Diðrik Sigurðsson, deildarforseti



**Deild Náttúru- og skóga sinnir rannsóknum og kennslu í náttúrufræði, umhverfisfræði, skógfræði, norðurslóðafræði og endurheimt vistkerfa. Áhersla er lögð á umhverfismál og sjálfbæra landnýtingu í nánú samstarfi við fólkid í landinu sem skapar Lbhí sérstöðu á meðal háskóla á Íslandi.**

Deildin býður upp á tvær námsbrautir í grunnnámi til bakkalárgráðu (BS), náttúru- og umhverfisfræði (NU) og skógfræði (SKÓG). Deildin er einnig með tvær námsbrautir í alþjóðlegu framhaldsnámi til meistara- og doktorsgráðu (MS) sem kenndar eru á ensku. Annars vegar Nordic Master in Environmental Changes at Higher Latitudes (EnCHiL; Umhverfisbreytingar á norðurslóðum (EnCHiL Nordic Master) sem útskrifar nemendur með sameiginlegri námskráðu frá Lbhí og Háskólanum í Lundi í Svíþjóð og Helsinkiháskóla í Finnlandi. Hinsvegar er það meistaranámsbrautin Restoration Ecology (Endurheimt vistkerfa) sem Lbhí stendur einn að í nánú samstarfi við margar alþjóðlegar stofnanir og Landgræðsluskóla GRÓ (GRÓ-LRT), þar sem fram fer alþjóðlegt diplómanám á meistarastigi í landgræðslufræðum í samstarfi við NS deild (sjá síðar). Einnig býður deildin upp á einstaklingsmiðað rannsóknatengt framhaldsnám

til meistara- og doktorsgráðu í NU, SKÓG og landgræðslufræðum (LAND).

## Námið 2023

Brautarstjórar í árslok voru Fanney Gísladóttir fyrir NU, Jóhanna Bergrúnar Ólafsdóttir fyrir SKÓG, Alejandro Salazar fyrir EnCHiL Nordic Master og Jóhanna Gísladóttir fyrir Restoration Ecology, en sú alþjóðlega meistaranámsbraut tók til starfa á árinu.

Haustið 2023 voru háskólanemar alls 140 við deild Náttúru og skóga og skiptust þeir í 51% (71) í grunnnám (BS) á háskólastigi, 41% (58) í meistaranám og 8% (11) í doktorsnám. Fjöldinn í BS námi skiptist þannig að 51% eru í NU og 49% í SKÓG. Meistaraneimar skiptust á milli námsleiða í 7% við NU, 9% við SKÓG, 0% við LAND, 34% í alþjóðlegt meistaranám í EnCHiL Nordic Master, 12% í alþjóðlegt meistaranám

í Restoration Ecology og 38% í diplómanám GRÓ-LRT. Doktorsnemar skiptust 64%, 18% og 18% á milli NU, SKÓG og LAND.

Á árinu 2023 innrituðust 69 nemendur í nám við deildina og þar af 30% í BS grunnnám og 70% í framhaldsnám. Innritanir í BS grunnnám skiptust 48% (10) í NU og 52% (11) í SKÓG. Það er svipuð aðsókn og verið hefur undanfarin ár. Alls innrituðust 48 nemendur í framhaldsnám við deildina, allir í meistaranám. Þeir skiptust 6% (3) í einstaklingsmiðað rannsóknatengt meistaranám (NU, SKÓG), 48% (23) í alþjóðlegar meistaranámsbrautir (EnCHiL Nordic Master og Restoration Ecology) og 46% í diplómanám GRÓ-LRT. Það er ljóst að alþjóðlega diplóma- og meistaranámið sem kennt er á ensku nýtur umtalsverðrar hylli. Í það sækja bæði erlendir og innlendir nemendur og það hefur leitt til fækkunar þeirra (íslensku) nemenda sem sækja um





einstaklingsmiðað rannsóknatengt MS nám í NU, LAND og SKÓG. Þetta er eðlileg þróun og sambærileg við það sem hefur orðið í löndunum í kringum okkur þar sem einstaklingsmiðað, rannsóknatengt nám hefur nær alfarið færst upp á PhD stig.

Árið 2023 brautskráðist alls 41 nemandi frá deildinni, 22% (9) úr grunnnámi (BS) og 78% (32) úr framhaldsnámi (MS). Hlutfall brautskráðra BS nema af skráðum nemendum var 20% í NU, sem er nokkuð gott miðað við að námið er 3 ár, en bara 6% í SKÓG. Hlutfall brautskráðra framhaldsnema var 50%, 0%, 45% og 95% úr einstaklingsmiðuðu rannsóknatengdu MS námi í SKÓG, NU, EnCHIL Nordic Master og diplómanámi GRÓ-LRT. Restoration Ecology brautskráir sína fyrstu nemendur á næsta ári.

Eins og sjá má af ofantöldu þá innrituðust heldur fleiri í háskólanám við deildina en sem brautskráðust, eða 69 innritanir miðað við 41 brautskráningu. Að hluta til skýrist það af því að ný námsleið tók til starfa árið 2023 þar sem 9 nemendur hófu tveggja ára meistaranám, en hinsvegar getur það einnig stafað af því að nemendur ljúka ekki námi á tilsettum tíma. Okkur virðist sem að það hafi hægst umtalsvert á námshraða margra nemenda í og eftir COVID faraldurinn og á sama tíma hefur brottfall einnig aukist. Þetta er áhyggjuefni og það stendur yfir vinna til að greina þennan vanda betur og grípa til viðeigandi ráðstafanna.

## Ritstörf 2023

Starfsmenn deildarinnar voru höfundar af 36 ritrýndum greinum árið 2023, sem er gott miðlungsár miðað við ritvirgni síðustu fimm ára. Þar á meðal voru greinar sem birtust í alþjóðlegum vísindaritum með mjög háan áhrifastuðul, svo sem: Nature Communications, Science Advances, Global Change Biology, New Phytologist, Forest Ecology and Management, Journal of Applied Ecology, Bulletin of the American Meteorological Society og fleiri.

Að auki birtu starfsmenn deildarinnar margar greinar og skýrslur á íslensku á öðrum fræðilegum vettvangi, skrifuðu greinar í tímarit og dagblöð og komu fram í ljósvakamiðlum.

Einn af prófessorum deildarinnar, Ólafur Arnalds, gaf út fræðibók á íslensku um jarðveg og umhverfismál á árinu sem nefnist „Mold ert þú“. Hún var tilnefnd til verðlauna í flokki íslenskra fræðibóka af Hagþenki. Annar prófessor, Bjarni Diðrik Sigurðsson, var einn af höfundum fjórðu samantektarskýrslu Vísindanefndar um loftslagsbreytingar sem nefnist „Umfang og afleiðingar hnattrænna loftslagsbreytinga og áhrif þeirra á Íslandi.“

## Verkefnastyrkir og samstarf 2023

Árið 2023 fékk deildin alls um 157 milljónir króna í styrki í rannsóknaverkefni og alþjóðlegt framhaldsnám í gegnum 27 umsóknir. Styrklutfall var 81% og allir styrkirnir voru úr samkeppnissjóðum nema tveir. Styrkfé úr íslenskum samkeppnissjóðum var tæpar 100 milljónir og um 43 milljón komu úr erlendum samkeppnissjóðum. Eins og jafnan áður þá vógu ýmsir styrkir frá RANNÍS þyngst, eða 45% alls styrkfjár, Samstarfssjóður háskólanna stóð fyrir 12%, Orkurannsóknasjóður LV 4%, ýmsir norrænir sjóðir 18%, Evrópu- og alþjóðlegir styrkir 7% og aðrir aðilar 10%. Hlutfall Evrópu- og alþjóðlegra styrkja er talsvert lægra þetta árið en verið hefur síðustu árin, en þó nokkrar umsóknir eru í þágu fyrir næsta ár.

Tvö stærstu nýju verkefni sem hófust árið 2023 voru Efling samstarfs um nám í GIS og fjarkönnun sem Samstarfssjóður háskólanna styrkir og leitt er af Emmanuel Pagneux og Nordic Borealization Network (NordBorN) sem NordForsk styrkir og Isabel Barrio leiðir.

Að auki eru starfsmenn deildarinnar leiðandi í stórum alþjóðlegum og innlendum samstarfsverkefnum, og má þar nefna t.d.:

Að öðrum ólöstuðum þá er það sennilega Pavla Dagsson-Waldhauserová og aðkoma hennar að vinnunni við að Sameinuðu þjóðirnar (S.þ.) völdu **12. júlí sem International Day of Combating Sand and Dust Storms** sem fær heiðursætið á þessum lista. Haldið var alþjóðlega upp á daginn í fyrsta skipti árið 2023.

**Á sviði loftslagsrannsókna:** Sand and Dust Storm Warning Advisory and Assessment System við Eyðimerkursamning S.þ., IceDust við European Aerosol Assembly, CAMS National Collaboration Programme – Iceland, NordSnowNet og UArctic Thematic Network on High Latitude Dust, sem Pavla leiðir.

**Á sviði stýrðra rannsókna á áhrifum loftslagsbreytinga:** ForHot, HotGrass og NordPlus Atmospheric-Biospheric Sciences network sem Bjarni Diðrik leiðir og BioCrust sem Alejandro Salazar leiðir.

**Á sviði beitarrannsókna:** UArctic Thematic Network on Herbivory, TUNDRAsalad, og á sviði norðurslóðarannsókna: NordBorN, sem öll eru leidd af Isabel Barrio.

**Á sviði endurheimtarfræða:** BirkiVist sem Ása Aradóttir leiðir og ReWet sem Bjarni Diðrik leiðir.

Auk fleiri innlendra og erlendra verkefna.

Starfsmenn voru einnig þátttakendur í ótöldum öðrum rannsókna- og samstarfsverkefnum þar sem aðalumsækjandi/leiðtogi er samstarfsmaður við aðra innlenda eða erlenda stofnun/háskóla.

Þá eru einnig ótaldir styrkir til nemenda deildarinnar í verkefni undir stjórn starfsmanna og akademískra gestakennara hennar, t.d. í gegnum Nýsköpunarsjóð námsmanna og erlenda starfsþjálfunarsjóði.





## Ráðstefnur og fundir 2023

Helstu ráðstefnur og fundir sem nefndar voru í vikulegum fréttapistlum deildarinnar voru:

Pavla Dagsson-Waldhauserová stóð fyrir 7th High Latitude Dust Workshop á Keldnaholti dagana 14-15 feb.

Isabel Barrio o.fl. tóku þátt í Arctic Science Summit Week sem var haldin 17.-24. Febrúar í Vín í Austurríki og kynntu niðurstöður frá nokkrum rannsóknaverkefnum við deildina.

Nokkrir starfsmenn tóku þátt í Opunarviðburði BIODICE: Hátíð líffræðilegrar fjölbreytni, þann 23. febrúar.

Isabel Barrio tók þátt í að skipuleggja ráðstefnu Vistfræðifélagsins sem fram fór á Laugarbakka 24. - 25. mars og var vel sótt af starfsmönnum og framhaldsnemum deildarinnar.

Bjarni Diðrik tók þátt í skipulagningu fagráðstefnu skógræktar 2023 sem fram fór á Ísafirði 29. - 30. mars. Hún var einnig vel sótt.

Stór hópur starfsmanna og framhaldsnema tók þátt í hinni stóru alþjóðlegu ráðstefnu EGU General Assembly sem fram fór í Vín í Austurríki í apríl.

Isabel skipulagði UArctic Herbivory Network fund sem fram fór í Cambridge Bay, Kanada, 13. - 16. júní.

Bjarni Diðrik skipulagði alþjóðlega málstofu um stýrðar loftslagsrannsóknir í tengslum við ForHot og FutureArctic verkefni sem fram fór við Tartuháskólann í Eistlandi í 2. - 5. október.

Þetta er alls ekki tæmandi listi en gefur hugmynd um fræðilega virkni deildarinnar.

## Innviðaupbygging 2023

Árið 2023 var keypt nýtt mælitæki með stuðningi Innviðasjóðs RANNÍS til mælinga á losun koldíoxíðs og metans úti í náttúrunni. Það er Alejandro Salazar sem leiddi þessa umsókn og tækið er í hans umsjón.

## Mannauður í árslok

Í desember 2023 voru 24 launaðir starfsmenn við deild Náttúru og skóga. Akademískir starfsmenn (prófessorar, dósentar, lektorar) eru 46% launaðra starfsmanna (11) 8% (2) eru í stöðum aðjúnkta (háskólakennara), 16% (4) vinna við GRÓ-LRT, 25% (6) eru í launuðum stöðum doktorsnema og afgangurinn (4%; 1) er í stöðu sérfræðings. Að auki eru 2 með stöður gestaprófessora og 1 með stöðu gestalektors við deildina.

## Starfsmannamál

Ólafur Eggertsson var ráðinn í 50% starf dósents í skógfræði, en hann gegnir jafnframt áfram hlutastarfi sem sérfræðingur við Land og skóg, og Jóhanna Bergrúnar Ólafsdóttir var ráðin í 75% tímabundna stöðu adjúnkts og brautarstjóra SKÓG. Einnig var skipað í tvær akademískar gestastöður við deildina til næstu þriggja ára. Við bjóðum því velkomin þau dr. Brynju Hrafnkelsdóttur, gestalektor, og dr. Starra Heiðmarsson, gestaprófessor.





Laura Barbero-Palacios, aðstoðarsérfræðingur, lét af störfum í júní en hún er núna komin í doktorsnemastöðu í Grænlandi við Greenlandic Institute of Natural Resources. Arngrímur Thorlacius, dósent í efnafræði, lét af störfum á árinu vegna aldurs og eru honum þakkað ómetanlegt framlag til fræðastarfa og kennslu skólans. Gestaprófessorinn Jan Axmacher frá University College London lét af störfum í apríl þegar skipunartími hans rann út og Halldóra Traustadóttir sem starfaði við GRÓ-LRT lét einnig af störfum um áramót. Þeim er báðum þakkað fyrir góð og farsæl störf.

## Stjórnýsla og deildarfundir

Í janúar tóku þeir Bjarni Diðrik Sigurðsson og Emmanuel P. Pagneux við störfum deildarforseta og varadeildarforseta af þeim Isabel C. Barrio og Ásu L. Aradóttur. Nemendafulltrúar á deildarfundum voru þau Ester Sveinsdóttir (SKÓG) og Jóhann Gísli Jónsson (NU).

Á árinu 2023 voru haldnir tveir deildarfundir, þann 3. maí og 11. desember. Þeir fóru fram með hefðbundnum hætti. Á haustfundinum samþykktu starfsmenn eftirfarandi ályktanir til rektors og framkvæmdastjórnar skólans:

Deildarfundur NS minnr rektor, starfsmannastjóra og deildarforseta á þá fækkun akademískra starfsmanna sem hefur orðið í NS deild á undanförunum tveimur árum og óskar eftir því að akademískar stöður sem nú eru ómannaðar við deildina verði auglýstar sem fyrst.

Deildarfundur NS beinir því til rektors að samningum um stofnasamning við stéttarfélög starfsmanna verði lokið með því að samningsvilji sé sýndur í verki af LBHÍ.

NS deild óskar (aftur) eftir fundi með rektor og mannauðsstjóra varðandi Handbók starfsfólks í

Gæðahandbók skólans sem látin var taka gildi án umræðu við starfsmenn.





# LANDGRÆÐSLUSKÓLI GRÓ

Sjöfn Vilhelmsdóttir, forstöðumaður

Árið 2023 lauk Landgræðsluskóli GRÓ (*GRÓ Land Restoration Training Programme/GRÓ LRT*) sínu fjórða starfsári undir merkjum GRÓ og í samvinnu við UNESCO, en skólinn var starfræktur í samvinnu við Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU) til ársins 2020. Landgræðsluskólinn er fjármagnaður af utanríkisráðuneytinu, í gegnum GRÓ Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu, sem hluti af alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands, en skólinn er hýstur af Landbúnaðarháskóla Íslands.

Starfsemi Landgræðsluskólans hefur það markmið að aðstoða fátæk lönd sem glíma við landhnignun með því að bjóða upp á sérsniðið nám og þjálfun í landgræðslufræðum fyrir sérfræðinga frá þessum löndum. Unnið er með lykilstofnunum í hverju landi fyrir sig, líkt og háskólum, ráðuneytum og umhverfisstofnunum. Megináherslan í starfi Landgræðsluskóla GRÓ er árlegt sex mánaða nám í landgræðslu og sjálfbærri landnýtingu sem fer fram á Keldnaholti frá marsbyrjun til ágústloka. Landgræðsluskólinn hefur alltaf verið rekinn í nánú

samstarfi við Landgræðsluna og koma sérfræðingar hennar mikið að kennslu við skólann auk leiðbeinslu nemendaverkefna. Að auki sitja í tveir starfsmenn Landgræðslunnar í fagráði skólans, sem og tveir starfsmenn Lbhí, ásamt einum starfsmanni matvælaráðuneytisins, en í fagráðinu fer fram vinna við fag- og námsþróun Landgræðsluskólans. Árið 2023 var annað árið sem sex mánaða nám Landgræðsluskólans var einnig kennt sem 30 ETCS eininga diplómanám í landgræðslufræðum í deild Náttúru og skóga.

Árið 2023 tóku 23 sérfræðingar þátt í sex mánaða námi Landgræðsluskólans, allt starfandi sérfræðingar hjá samstarfsstofnum skólans í Afríku og Mið-Asíu. Hópurinn samanstóð af 12 konum og 11 körlum sem komu frá Gana, Kirgistan, Malaví, Mongólíu, Lesótó, Úsbekistan og Úganda, auk þess komu tveir nemendur frá Nígeríu gegnum samstarfsverkefni Landgræðsluskólans og MAB (Man and Biosphere) verkefnis hjá UNESCO.

Sex mánaða nám Landgræðsluskólans skiptist í tvo meginhluta: Fyrstu þrjá mánuðina er áherslan í náminu á fyrirlestra, hópavinnu og vettvangsferðir, meðan seinni hlutinn er tileinkaður einstaklingsverkefnum þar sem hver og einn nemi vinnur að rannsóknarverkefni sem tengist aðstæðum eða viðfangsefni í sínu heimalandi. Til þess að útskrifast úr náminu þurfa sérfræðingarnir að framkvæma einstaklingsrannsókn, kynna hana ásamt því að skila inn skýrslu um rannsóknina, fyrir utan það að sækja alla fyrirlestra og vettvangsferðir sem eru á dagskrá námskeiðsins. Útskriftadagur sex mánaða námsins árið 2023 var 29. ágúst og fór athöfnin fram á Keldnaholti.

Annar þáttur í starfsemi Landgræðsluskólans er að styrkja fyrrum nemendur sex mánaða námsins til frekari náms við íslenskan háskóla. Árið 2023 voru fjórir fyrrum nemar Landgræðsluskólans í framhaldsnámi við Lbhí á námsstyrk frá Landgræðsluskólanum. Þetta voru annars vegar Muez Heilu Weldetnsae og Tesfay Berihu Gebremicheal, báðir frá Eþíópíu, em hófu námi í rannsóknartendu meistaranámi við deild Náttúru og







Frá brautskráningarathöfn GRÓ LRT, Landgræðsluskólans sem fram fór frá Keldnaholti.

Fjögur stöðugildi eru hjá Landgræðsluskóla GRÓ en auk þess koma fjölmargir samstarfsaðilar að verkefnum tengdum starfsemi skólans, aðallega við kennslu og leiðbeinslu rannsóknaverkefna nemanna. Frá upphafi starfsemi Landgræðsluskólans árið 2007 hafa alls 198 sérfræðingar útskrifast úr árlegu sex mánaða námi skólans, 95 konur og 103 karlar. Virk samstarfslönd Landgræðsluskólans eru nú tíu, fjögur lönd í Mið-Asíu og sex lönd í Afríku. Kenía mun bætast við sem virkt samstarfsland í ársbyrjun 2024 þegar fyrstu nemendurnir þaðan hefja nám í árlegu sex mánaða námi Landgræðsluskólans.

Heimasíða Landgræðsluskólans er [www.grolrt.is](http://www.grolrt.is) (á ensku) og einnig er skólinn á Facebook og LinkedIn, þar sem margvíslegar upplýsingar og fréttir frá starfinu eru birtar.

skógar haustið 2021. Og hins vegar voru það Binna Kipandula og Leonard Gondwe, bæði frá Malaví sem hófu nám í nýju meistaranámi í endurheimt vistkerfa haustið 2023.

Landgræðsluskólinn hefur einnig staðið fyrir vettvangsnámskeiðum í samvinnu við samstarfsstofnanir sínar í Afríku og Asíu þar sem íslenskir og þarlendir sérfræðingar sjá um skipulag og kennslu. Á árunum 2017 til 2022 stóð Landgræðsluskólinn fyrir stuttum vettvangsnámskeiðum með samstarfsstofnunum sínum í Mongólíu, Úganda og Eþíópíu. Árið 2023 stóðu Landgræðsluskólinn og Jafnréttisskóli GRÓ í sameiningu fyrir 4-dagánámskeiði í Kirgistan í samstarfi við CAMP Alatoo um kyn, umhverfismál og sjálfbæra landnýtingu (e. gender, environment and sustainable land management), en CAMP Alatoo samtökin hafa verið helsti samstarfsaðili Landgræðsluskólans í Kirgistan frá upphafi. Þátttakendur á námskeiðinu voru 16 sérfræðingar CAMP Alatoo, en kennarar voru Dr Auður H. Ingólfssdóttir sem hefur kennt og leiðbeint hjá Landgræðsluskólanum undanfarin ár og svo Védís Ólafsdóttir verkefnisstjóri hjá Jafnréttisskóla GRÓ.

Undanfarin ár hefur Landgræðsluskólinn aukið samskipt sín við háskóla í samstarfslöndum sínum með stuðningi frá Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins. Árið 2023 fór forstöðumaður Landgræðsluskólans í heimsóknir til National University of Lesótó, Samarkand State University í Úsbíkistan og American University of Central Asia í Kirgistan og átti fundi með fulltrúum þessara háskóla um mögulegt samstarf um námsþróun á sviði endurvistheimt vistkerfa, byggða á námsskrá Landgræðsluskólans. Kennarar frá hásólanum í Lesótó og frá Makerere University í Úganda komu í heimsókn til Landgræðsluskólans á árinu þar sem frekari samstarf var rætt. Að auki fóru tveir fulltrúar Landgræðsluskólans í heimsókn til Kenía á haustmánuðum þar sem þeir heimsóttu ráðuneyti, opinbera stofnanir og rannsóknarstofnanir sem koma að landgræðslu og sjálfbærri landnýtingu þar í landi. Tilgangur heimsóknarinnar var að koma á formlegu samstarfi við kenískar stofnanir og taka viðtöl við sérfræðinga sem þar starfa með það að markmiði að bjóða viðkomandi þátttöku í árlegu sex mánaða námi Landgræðsluskólans.



Fulltrúar nemenda flytja ræðu við brautskráningarathöfn



# RANNSÓKNA- & ALPJÓÐASVIÐ

Christian Schultze, rannsóknna og alþjóðafulltrúi

Lbhí tekur virkan þátt í alþjóðlegum nemenda- og kennaraskiptum í gegnum menntaáætlun Evrópusambandsins Erasmus+, Menntaáætlun Nordplus og tvíhliða samninga sem skólinn hefur gert við skóla sem ekki falla undir þessar áætlanir.

## Skiptinemar frá Lbhí

Árið 2023 fóru 11 nemendur frá Lbhí í skiptinám á vegum Erasmus styrkja, á BSc, MSc og PhD stigi.

Sex búfræðinemar hjá Lbhí fóru á vorönni 2023 í þriggja vikna verknám til Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar á vegum Erasmus+ verkefni sem heitir Agricultural Exchange Iceland og NordPlus verkefni Swedlce.

## Skiptinemar til Lbhí:

Árið 2023 komu samtals 20 nemar í gegn Erasmus + til að stunda skiptinám við Lbhí, vorönn 2023 komu fjórir skiptinemar, haustönn 2023 komu 16 skiptinemar.

Til viðbótar komu fjórir nemar í gegnum Erasmus+ til að vera í starfsþjálfun hjá Lbhí yfir sumarið 2023.

## Starfsmannaskipti:

Árið 2023 sóttu 11 starfsmenn um Erasmus+ styrki til að fara í gestakennslu eða starfsþjálfun.

15 kennarar og starfsmenn erlendra samstarfsskóla komu 2023 til Lbhí sem gestakennarar eða í starfsþjálfun á vegum Erasmus+.

## Rannsóknir:

Við skólann voru árið 2023 starfrækt 132 rannsóknna- og samstarfsverkefni (sjá á næstu síðu) og var fjölbreytni þeirra veruleg.

Sértekjur úr innlendum og erlendum rannsóknasjóðum, ásamt sérstökum framlögum frá fyrirtækjum og öðrum aðilum voru 395 m ISK árið 2023.

Í árslok 2023 voru samtals 40 akademískir starfsmenn og sérfræðingar starfandi við Landbúnaðarháskóla Íslands

	BSc   MSc/MA   PhD	ALLS		
PRÓFESSORAR (ásamt rektor)	10	10		
DÓSENTAR	3	3		
LEKTORAR	1	5	9	15
AÐJÚNKAR	1	7		8
SÉRFRÆÐINGAR	2	2		4
SAMTALS				40





**Lbhí tók samtals þátt í 95 umsóknum um samkeppnissjóði. 74 umsóknir hafa verið farsælar, á meðan 21 umsókn var hafnað. Árangursstuðull styrkjaumsókna er 78% fyrir árið 2023.**

Rannsóknaverkefni sem unnið er að við skólann eru afar fjölbreytt og ná yfir vítt svið umhverfis, skipulags, landbúnaðar og auðlindanýtingar.

Starfsmenn kynna niðurstöður rannsókna sinna á margvíslegan hátt, með greina- og skýrsluskrifum, kennslu, fyrirlesturum, ráðstefnum og á samfélagsmiðlum.

Mikil áhersla er lögð á birtingu í alþjóðlega ritrýndum tímaritum og bókum, og komu 62 slíkar út á árinu. Auk þess gefur skólinn út Rit Lbhí og komu þar út 5 titlar (sjá síðu 41).

Starfsmenn skólans eru margir virkir í norrænu og alþjóðlegu samstarfi á sínum fræðasviðum.

## **Virk rannsókna- og samstarfsverkefni við Landbúnaðarháskóla Íslands 2023**

- In situ varðveisla erfðaefnis í gömlum tünnum
- Vegvist—Endurheimt staðargróðurs
- Afkvæmarannsóknir á Hesti
- Áhrif lúpínu á endurheimt birkivistkerfa
- Sameindakynbætur í byggi
- Áhrif upphitunar á sitkaskóg (ForHot)
- FornDNA
- Ýmir—gagnagrunnur um íslenskan jarðveg
- Heiðrún—skýrsluhald
- Áhrif loftslagsbreytinga á lífríki jökulskerja
- Sláttutími grastegunda
- Rannsóknir á landnámi og vistkerfismyndun á Surtsey
- Ofanvatn
- Norrænt tengslanet um rannsóknir á norðurslóðum
- Áburður á afréttum
- Landnýtingargrunnur og bindibókhalld (LULUCF)
- Hafrar og hámrörkuð gæði
- Langtíma tilraunir á Hvanneyri
- FutureArctic
- Endurheimt votlendis
- CarbonPar
- Litla-Skarð, alþjóðlegt vöktunar-samstarf
- Áburðarsvörun túna
- Strókur—hreyfing á sandi og ösku á Suðurlandi
- Rjúpulíkan
- Hafnarlíf—úttekt á vatnsgæðum fyrir Faxaflóahafnir
- Fiskveiðar til framtíðar
- Gilsárlón—mælingar á losun gróðurhúsalofttegunda
- Charter: Knowledge on Arctic biodiversity change and social-ecological systems
- ITEX—áhrif loftslagsbreytinga á vistkerfi
- Mótvægisáðgerðir gegn loftslagsbreytingum: Er áburðargjöf í skógrækt umhverfislega sjálfbær?
- Pelagicus - Distribution, population dynamics and conservation status of Iceland's nocturnal seabirds
- Áhrif ryks
- Erfðamengi íslensku geitarinnar
- Hvað er grafið í snjó og ís undir ösku og ryki?
- Sáðráð - bylting jarðar
- Bokashi
- GoGoat
- Fóðurgildi grastegunda
- Skeiðfoss
- Áhrif þroska við fyrsta burð á át og afurðir á fyrsta mjaltaskeiði
- Hagavatn
- Exploring the genetic regulation of ability and quality of gaits in Icelandic horses
- BirkiVist - Endurheimt birkivistkerfa á 21. öld—áskoranir, leiðir og ávinningur
- LIFEPLAN
- Langtíma kolefnistap í framræstu ræktunarlendi
- TRAPP
- Fæðuöryggi - ANR
- TUNDRASalad - Grasbítar á norðlægum slóðum: tengsl fjölbreytni og starfsemi
- Samþætting þekkingar og þátttaka haghafa við vöktun og mat á gróður- og jarðvegsauðlindum íslenskra beitarsvæða
- ExGraze
- MOBISH—Uppruni og aðlögun íslenska sauðfjárkynsins
- Kálfalækur
- AfSkurður
- Olíuauður íslands - leiðir til aukinnar matarolíuframleiðslu
- Fóðurframleiðni í sauðfjárrækt
- Holdafar íslenskra mjólkurkviga áhrif á afurðir og heilsufar

*framhald á næstu síðu*





Virk rannsókn- og samstarfsverkefni við Landbúnaðarháskóla Íslands 2023

- Betra bygg með bættum aðferðum
- Kúabelgir - uppskera og fóðurgildi einærra belgurta fyrir mjólkurkúr
- Áhrif kálfadauða og burðarerfiðleika á frjósemi, mjólkurframeiðslu og afdrif íslensku kýrinnar
- Mat á lífmassa og framleiðni íslenskra graslanda með háupplausnargervihnattagögnum og gervigreind
- Tíðni og áhættuþættir kálfadauða og burðarerfiðleika hjá íslensku kúnni
- Arfgerðargr. muskótt hross
- S-ITUATION NBS
- Refasmári
- Greenfeed-metanbás
- Bætt kúamykja
- VMST - skordýr
- Skordýr sem fóður
- Skurðir
- U-Green
- Lambstress
- Áfoksmýri
- Beit mjólkurkúa
- Bætt flokkun ræktunarjarðvegs með ösku-, kolefni-, og niturmælingum í mismunandi landgerðum
- Hækkun sýrustigs ræktunarjarðvegs með innlendum bergefnum samanborið við dólómítalk
- Iðragerjun nautgripa. Kolefnishlutleysi í nautgriparækt
- Beit mjólkurkúa í mjaltþjónafjósi
- Losun metans og koltvísýrings frá iðragerjun nautgripa
- Vanhöld að sumri. Hvað verður um lömb sem vantar af fjalli
- Áhrif magurra ára á þroskaferli, afurðir og endingu áa
- AXIS II
- Assessing the faecal nutrient contribution of the herbivore community on the Icelandic tundra
- Áhrif lýsingar og og hækkandi styrkleika af CO2 auðgun á vöxt, uppskeru og gæði á tveimur yrkjum af gróðurhúsatómötum
- Endurheimt votlendis sem loftlag-saðgerð: Beinir háhraðamælingar með iðufylgnitækni (EDDY)
- Erfðastuðlar og erfðaþróun júgur- og spenaeiginleika íslenskra kúastofnsins
- Oppdal
- Efling kornræktar - MAR
- MariPet
- Samráðsvettvangur loftlag-saðgerða - MAR
- Grasaprótein
- ÍsYrki
- Trace Gas Analyzer
- Staðalþungi íslenskra áa - tengsl lífbunga, holdastiga og þroskastigs
- Carbon balances of a drained and rewetted peatlands in Iceland
- SNS BARK BEETLES
- How does soil warming, grazing and drought affect carbon uptake in Icelandic grasslands
- COAST ACTION - Traces as Research Agenda for Climate Change, Technology Studies and Social Justice
- Leiðir til að auka fóðurgæði heilsæðis
- UNI-Green







## Verkefni sem komu ný inn á árinu

- Áhrif hlýnunar á graslendi og kolefnisbindigetu þeirra
- Benefit-Nat
- Tilraun með magnesíumsíliköt til að bæta sýrustig jarðvegs
- Áhrif fóðrunar á kjötgæði
- Riðuhermun
- Nýting hliðarafurða úr ylrækt í skordýrafóður
- Subarctic Soil Biology
- Áburður úr þörungaufgangi
- Heygæði við notkun sjálfbærar áburðargjafa
- Heltigreiningar
- Iðragerðjun 23
- NordBorN
- Erfðalegar orsakir kálfadauða í íslenskum kúm
- Roboat
- Riðugreinargerð
- MAR-kornleiðbeiningar
- Marbygg
- Fæðuöryggi á norðurslóðum
- GuideNBS
- Viðargæði og rannsóknir
- Blæösp - varðveisla, notkun, endurreisn og fjölgun
- Nautaeldi
- Skipulögð yfirsáning grasfræs á tún - leið til að bæta endingu ræktunar?
- Kynbótaskipulag fyrir mjólkurkúr
- Riðukynbótamat
- Endurmat á hagrænum áhrifum nýs mjólkurkúakyns
- Ræktun fyrir hæfilegri fitu á lambakjöti
- Leiðir til að auka fallþunga og verðmæti sláturlamba
- Íslenski torfbærinn: vistkerfi, samlíf og arkitektúr
- ReWet
- CAMS
- Þörungarækt og landeldi



## KENNSLUSVIÐ

Álfheiður Marinósdóttir, kennslustjóri

### Meginmarkmið kennsluviðs er að tryggja gott skipulag á daglegu kennslustarfi skólans og veita nemendum og starfsfólki almennar upplýsingar og þjónustu

Í því felst meðal annars gerð náms- og kennsluskraá, stundaskrá, próftaflna og starfsáætlunar, allt utanumhald varðandi prófahald (bókanir í yfirsetu, bókun fjarprófsstaða, innheimta fjarprófsgjalda o.s.frv.), aðstoð við nemendur við námskeiðsval, gerð útskriftarskírteina, námsferla og fleira slíkt. Auk þess er talsvert um samskipti við ýmsa opinbera aðila, t.d. Menntasjóð, Vinnumálastofnun og ráðuneyti, sem og áhugasaman almenning sem hringir eða sendir tölvupóst með ýmsum erindum. Einnig hefur kennsluskrifstofa stutt mikið við nemendur og starfsfólk hjá Endurmenntun Lbhí með ýmis konar tækniástoð, þætti varðandi innheimtu og fleira.

#### Helstu atriði utan daglegrar þjónustu við nemendur, starfsfólk og samfélagið

Lífið gekk sinn vanagang á kennsluviði Lbhí árið 2023. Fjölgun nemenda, innlendra sem erlendra, sem og nema í endurmenntun í eininga bærum námskeiðum,

hefur aukið álagið talsvert á kennsluskrifstofu en að jafnaði hafa mál verið afgreidd á ásættanlegum hraða þrátt fyrir þetta mikla álag. Það má fyrst og fremst þakka þéttu og reynslumiklu teymi þar sem starfsfólk styður vel við hvert annað og reynir að grípa þá bolta sem detta niður eftir því sem þekking og tækifæri hafa leyft.

Starfsfólk kennsluviðs kom að breytingum á fyrirkomulagi meistaranáms í skipulagsfræði og gerð nýrrar meistaraþrautar í endurheimt vistkerfa. Kennsluvið kom einnig að uppfærslu og breytingum á náms- og kennsluskrá í BS námi, mönnun í kennslu ásamt ástoð og stuðningi við brautarstjóra.

#### Viðburðir og nefndir

Starfsfólk kennsluviðs sinnir ýmsum verkefnum öðrum en hinum hefðbundnu daglegu þjónustustörfum, svo sem setu í nefndum og skipulagningu viðburða.

Má þar t.a.m. nefna Skeifudaginn og útgáfu Skeifudagsblaðsins, kennaradags að hausti, setu í baklandsnefnd vegna stofnanasamnings FÍN og Lbhí og alþjóðasamstarfið UNIGreen. Einnig má nefna setu í nefndum á vegum ráðuneytisins vegna sameiginlegrar umsóknargáttar allra háskólanna og gagnaskilgreiningakerfisins Vöruhúsi sem á að auðvelda HVIN aðgengi að gögnum og upplýsingum um starfsemi háskóla og samráðshópur Uglunnar svo eitthvað sé nefnt. Kennsluvið er auk þess þátttakandi í tveimur samstarfsverkefnum háskólanna; annars vegar „Gæði háskólakennslu á stafrænum tíma: Starfsþróun háskólakennara“ og hins vegar „Samhæfðar lausnir á samstarfshindrunum háskóla“.

Ákveðnar fastanefndir eru starfandi sem kennslustjóri ýmist situr í og/eða stýrir; starfsmenntanámsnefnd, grunnnámsnefnd og framhaldsnámsnefnd. Einnig situr kennslustjóri í framkvæmdastjórn Lbhí.

Framhaldsnámsnefnd vann breytingar á reglum um doktorsnám á árinu og voru reglurnar aðlagðar







breytingum innan LbhÍ og háskólaumhverfinu á landsvísi. Háskólaráð samþykkti breytingar á reglum um doktorsnám á fundi 14. júní.

Dagar framhaldsnema voru haldnir tvisvar á árinu að venju þar sem meistara – og doktorsnemar fluttu erindi um lokaverkefni sín.

### Námsráðgjöf

SKÓLAÁRIÐ 2023

Bókuð viðtöl

97

Nemendatengdir  
tölvupóstar

600

### Starfsþættir og verkefni:

- Þátttaka og innlegg á kennaradegi í ágúst
- Viðtöl við nemendur vegna námslegra og persónulegra þátta
- Utanumhald og samningar vegna sértækra úrræða í námi og starfi
- Viðvera á starfsstöðvum bæði á Hvanneyri og Keldnaholti
- Samskipti við kennara og annað starfsfólk einkum vegna nemenda
- Þátttaka í nýnemakynningum bæði fyrir íslenska og erlenda nemendur
- Fyrirlestar
- Fundir með kennsluskrifstofu
- Samvinna við Kvíðameðferðarstofuna
- Þátttaka í verkefni um raunfærnimat á háskólastigi
- Símtöl við nemendur sem eru óvirkir í námi



# SJÓÐIR Á VEGUM SKÓLANS



Harpa Ósk Jóhannesdóttir hlaut styrk úr Blikastaðasjóði upp á 500 þúsund krónur. Ragnheiður Þórarinsdóttir, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands og formaður Blikastaðasjóðs afhenti styrkinn og bað fyrir góðar kveðjur frá Magnúsi Sigsteinssyni fulltrúa stofnenda sjóðsins.

*Hlutverk sjóðsins er að styrkja nemendur sem lokið hafa háskólanámi frá Landbúnaðarháskóla Íslands til framhaldsnáms erlendis eða til rannsókna í landbúnaðarvísindum eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður. Einnig er stjórn sjóðsins heimilt að verðlauna nemendur Landbúnaðarháskólans fyrir framúrskarandi árangur á burtfararprófi.*

Harpa Ósk útskrifaðist sem dýralæknir frá Kaupmannahafnarháskólanum árið 2018 og hóf doktorsnám við Landbúnaðarháskóla Íslands haustið 2021. Verkefnið hennar fjallar um dauðfædda kálfa hjá fyrsta kálfs kvígum. Meginmarkmið verkefnisins er að kanna áhættuþætti kálfadauða hjá fyrsta kálfs kvígum með annars kálfs kýr til viðmiðunar, en kálfadauði hjá fyrsta kálfs kvígum er óútskýrt og viðvarandi vandamál í íslenski nautgriparækt. Rannsóknin fer fram á Hvanneyrabúinu þar sem fylgst er náið með hverjum burði og haldin um það nákvæm burðarskráning. Eins eru tekin blóðsýni úr kvígum og annars kálfs kúm síðasta mánuðinn fyrir burð til greiningar á meðgönguhormónum sem gætu gefið vísbendingu um gang meðgöngunnar fyrr en ella. Hjartsláttur fóstursins er einnig mældur með sónarskoðun um kvið móðurinnar til þess að tímasetja hvenær fóstrið deyr. Slíkt hefur ekki verið gert hérlendis fyrr. Komi dauður kálfur er möguleg dánarorsök rannsökuð með krufningu á Keldum. Að auki hefur verkefnið það markmið að kanna hver þróunin hefur verið síðastliðin 15 ár á þeim búum sem tóku þátt í rannsóknarverkefninu um orsakir kálfadauða hjá 1. kálfs kvígum á árunum 2006-2008.



Ástrós Ýr Eggertsdóttir hlaut 300 þúsund króna styrk úr Framfarasjóði Ingibjargar Guðmundsdótturog Þorvaldar Guðmundssonar í Síld og Fisk. Geirlaug Þorvaldsdóttir, stofnandi sjóðsins afhenti styrkinn.

*Tilgangur sjóðsins er að styrkja nemendur Landbúnaðarháskóla Íslands til framhaldsmenntunar og að styrkja rannsóknir nemenda á fagsviði Landbúnaðarháskólans.*

Ástrós lauk búfræðiþrófi frá Landbúnaðarháskóla Íslands árið 2021 og síðan 60 ECTS einingum í BSc námi í búvísindum. Hún er nú komin vel á veg í meistaranámi sínu í búvísindum. Hún hefur unnið sem starfsmaður á sauðfjárbúi Landbúnaðarháskóla Íslands að Hesti undanfarin ár (frá vori 2020).

Meistaraverkefni Ástrósar fjallar um greiningu á DNA tengslum arfgerðar og svipgerðar í íslensku sauðfé með áherslu á vöðvavöxt og hegðunarmynstur forystufjár. Markmið verkefnisins er tvíþætt, annars vegar að finna arfgerðir gena sem tjá fyrir auknum vöðvavexti og hins vegar að finna hvaða gen það eru sem veita forystufé þeirra sérstöku eiginleika. Notagildi verkefnisins fælist t.d. í því að geta betur metið möguleika hrúta á því að gefa frá sér vöðvamikil lömb, sérstaklega hrúta sem fara inn á sæðingastöðvarnar. Notagildi hinnar hliðarinnar er að öðlast meiri þekkingu á hvað það er sem gefur íslenska forystufénu sína sérstöku eiginleika.







# BRAUTSKRÁNING 2. JÚNÍ 2023

Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, rektor

Ágætu kandidatar, búfræðingar, garðyrkju-fræðingar, starfsfólk og aðrir góðir gestir.

Verið öll hjartanlega velcomin til brautskráningar-hátíðar Landbúnaðarháskóla Íslands 2023.

Kæru kandidatar, búfræðingar og garðyrkju-fræðingar - innilega til hamingju með daginn ykkar, þann merkisáfangað að ljúka formlega námi sem við fögnum með ykkur í dag.

Í austrænni speki má finna ýmis heilræði – ein þeirra segja: „að búa við sálarfrið er mesta hamingjan.“ Þá er oft vitnað í speki Konfúsíusar sem fjallar um siðferði, félagsleg samskipti, réttlæti, góðvild og einlægni. Konfúsíus lagði áherslu á að sá sem helgar líf sitt lærdómi er vís til að lifa hamingjusömu lífi „Sá sem heyrir sannleikann að morgni getur dáið sæll að kveldi.“ Hann dregur fram mikilvægi þess að læra af reynslu þeirra sem eldri eru, en staðna þó ekki heldur þróa verkefni áfram. Bókin um veginn sem lýsir speki Lao-Tse býr einnig yfir margvíslegum heilræðum um lífið og þar segir meðal annars: „Sá er hygginn sem þekkir aðra; hinn er vitur sem þekkir sjálfan sig.“ Allt snýst þetta í raun um að afla sér sífellt nýrrar þekkingar og finna um leið gott jafnvægi í lífinu.

En það þarf kannski ekki að leita í austræna speki til að finna þessar upplýsingar. Þetta má bara kalla „common sense“ – og þá eru allir í góðu jafnvægi og hamingjusamir alla daga. ----- En lífið er sveiflukennt – við erum sveiflukennd – við sem einstaklingar erum ólík – og sveiflustuðullinn og sveiflutíðnin okkar mismunandi. ----- Og það er stöðug vinna í gegnum lífið að auka þekkingu okkar og leita jafnvægis til að sinna því mikilvægasta -hamingjunni.

Það liggur auðvitað beinast við að vísa beint í Hávamál þegar leitað er að leiðbeiningum um hvernig sé hollast og best að lifa lífi sínu en þar segir m.a. að sá sem hefur víða farið, veit hvernig skapi hann er farinn og getur stýrt skapi sínu – sá er vitur og snjall.

*Sá einn veit*

*er víða ratar*

*og hefir fjöld um farið*

*hverju geði*

*stýrir gumna hver,*

*sá er vitandi er vits.*

En snúum okkur nú að starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands síðasta skólaár og hvernig okkur hefur gengið að nýta visku okkar til öflunar nýrrar þekkingar, þróa áfram verkefni okkar á sama tíma og jafnvæginu var viðhaldið með starfsánægju og lífshamingju í öndvegi.

Eitt af stóru sameiginlegu verkefnum okkar á liðnu ári var gæðaúttekt sem var lokaskrefið í annarri lotu rammaáætlunar um eflingu gæða í íslenskum háskólum. Gæðaráð íslenskra háskóla hefur umsjón með stofnunarúttektinni og skipar úttektaþóp með reynslumiklum erlendum sérfræðingum og einum fulltrúa íslenskra stúdenta. Úttektin fór fram í byrjun nóvember síðastliðnum og byggði á viðtölum við nemendur, starfsfólk og hagaðila, og sjálfsmatsskýrslu sem lýsir stöðumati á einstökum sviðum háskólans og hvernig unnið hefur verið að umbótum frá síðustu úttekt. Er skemmst frá því að segja að úttektin tókst afar vel. Nefndin var ánægð með móttökurnar, hreinskiptar og opnar umræður og þann árangur sem náðst hefur hjá Landbúnaðarháskólanum á undanförunum misserum. Lokaskýrslan sem kom út í apríl síðastliðnum var afar jákvæð í garð skólans og traustyfirlýsing um gæði gráða og námsumhverfis.



Áfram hefur verið unnið að umbótum í gæðastarfinu með uppfærslu reglna, stefnuskjala og verkferla og þróun gæðahandbókar. Vinna við stefnumótun og eflingu starfseminnar innan deilda og fyrir skólann í heild var áberandi á starfsárinu og hefur starfsemi Landbúnaðarháskólans verið að eflast á öllum sviðum, sem lesa má úr lykiltölum skólans, s.s. nemendafjölda, fjölda doktorsnema, umfangi rannsóknaverkefna, útgefnum greinum og skýrslum og alþjóðlegu samstarfi.

Deild skipulags og hönnunar tók þátt í öflugum alþjóðlegu starfi um náttúrumiðaðar lausnir. Alþjóðleg vinnustofa var haldin á Hvanneyri og skýrsla um notkun hugtaksins og aðferðafræðinnar á Íslandi var gefin út.

Deild náttúru og skógar vann að undirbúningi nýrrar alþjóðlegrar meistaranámsbrautar í endurheimtarfræðum sem verður boðin í fyrsta sinn haustið 2023.

Jarðræktarhópur deildar ræktunar og fæðu var áberandi á árinu og voru sérfræðingar skólans fengnir til að taka saman skýrslu fyrir matvælaráðherra um mögulegan ávinning af aukinni kornrækt á Íslandi og fýsileika þess að koma upp kornþurrkun og kornsamlagi hérlendis. Mikill stuðningur er við verkefnið frá stjórnvöldum, bændum og öðrum hagaðilum og er það eitt af áherslumálum í nýrri fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að ný jarðræktarmiðstöð rísi sem fyrst til að styðja við uppbygginguna.

Ylrækt er annað svið sem á sér mikla vaxtarmöguleika. Gerðar voru tilraunir með tómataræktun með áherslu á að bæta gæði og uppskeru. Hugað var að framtíðartækifærum Íslands m.a. með ráðstefnu á Selfossi og fundum með garðyrkjubændum með aðkomu erlendra samstarfsaðila skólans.

Mælingar á metanlosun frá iðragerjun nautgripa voru gerðar í Hvanneyrabúinu og síðan var búnaður færður á annað bú til samanburðarmælinga. Markmið verkefnisins er að rannsaka metanlosun íslenskra mjólkurkúa, ná traustum grunnildum og rannsaka í framhaldinu hvort minnka megi losun frá jörturdýrum með breyttri fóðrun.

Endurmenntun hefur verið í fyrirmyndarrekstri, bæði faglega og fjárhagslega. Ýmis framfaraskref hafa verið tekin í þróun náms og námsframboðs og voru um 80 námskeið haldin hringinn í kringum landið. Reiðmaðurinn er einingarbært nám á framhaldsskólastigi sem nýtur vaxandi vinsælda hjá Endurmenntun. Í vetur voru haldin námskeið á þremur námsbrautum í Reiðmanninum á 11 stöðum á landinu og voru tæplega 150 nemendur sem luku námi. Hátt í 200 manns hafa skráð sig í Reiðmanninn næsta haust.

Landbúnaðarháskólinn er aðili að níu verkefnum sem hlutu styrk úr Samstarfssjóði háskólanna í janúar síðastliðnum. Þar af leiðum við tvö þeirra um framleiðslu nýrra próteina og um þverfaglegt nám í skipulagsfræði. Tvö verkefni eru leidd af Háskólanum á Hólum um íslenska hestinn og fiskeldi og loks eru fimm verkefni leidd af Háskóla Íslands um aukna þjónustu við nemendur, rannsóknainnviði, meistaranám og skráningu rannsóknagagna.

Í nóvember fór sendinefnd til Singapore á vegum háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Hópurinn heimsótti þar háskóla og stofnanir, en mikil gróska og nýsköpun hefur einkennt Singapore á undanförunum árum, enda hefur miklum fjármunum verið varið þar til uppbyggingar rannsóknainnviða hjá háskólunum og alþjóðlega þekktir sérfræðingar fengnir til starfa. Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hefur lagt sig fram um að bæta fjármögnun íslenskra háskóla til að ná megi betri árangri á alþjóðavísu.

Ferðin til Singapore var í góðu samræmi við vísindaferð Landbúnaðarháskólans til Wageningen háskólans

í Hollandi í október, þar sem mjög vel var tekið á móti okkur. Wageningen háskólinn er einn fremsti landbúnaðarháskólinn í heiminum og samstarfið við þá er því afar mikils virði fyrir Landbúnaðarháskóla Íslands.

Alþjóðlegt samstarf hefur aldrei verið meira. Áhugi erlendra nemenda er sífellt að aukast og þarf að stækka nemendagarða til að taka á móti fleiri nemendum. Þá fjölga nemendum einnig í Landgræðsluskólanum en þeir búa í Reykjavík og stunda námið að mestu á Keldnaholti.

Í ágúst var tilkynnt um úthlutun til UNIGreen háskólanetsins sem er samstarf átta evrópskra háskóla á sviði landbúnaðar, líftækni og lífvísinda. Samstarfsaðilar koma frá Spáni, Póllandi, Ítalíu, Frakklandi, Belgíu, Portúgal og Búlgaríu. Markmiðið er að efla samstarf um rannsóknir, nýsköpun og menntun, og bæta miðlun þekkingar á þessum lykilsviðum.

Starfsmenn Landbúnaðarháskólans eru virkir í samstarfi UArctic á nokkrum sviðum. Þá höfum við verið að tengjast samstarfsneti evrópskra lífvísindaháskóla – ICA – sterkum böndum með virkri þátttöku í verkefnum á þeirra vegum.

Norrænt samstarf um doktorsnámskeið – NOVA – er að eflast á ný – og tekur Ísland við formennsku og umsjón af Svíum á fundi sem haldinn verður á Hvanneyri í næstu viku. Það lýsir vel metnaði alþjóðaskrifstofunnar hjá okkur að taka slíkt verkefni að sér. NOVA samstarfsnetið teygir sig síðan til baltnesku landanna í gegnum systurnetið – BOVA.

Nýsköpunar- og þróunarsetur á Vesturlandi - Gleipnir er komið í fullan rekstur. Í nóvember tók nýr framkvæmdastjóri til starfa og nú á vörnámunum bættist umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið í hóp samstarfsaðila.





Önnur nýsköpunarverkefni eflust á árinu, Orkídea á Suðurlandi hefur unnið að fjölmörgum verkefnum, m.a. tengd grænum iðngörðum á Suðurlandi. Á árinu voru undirritaðar tvær viljayfirlýsingar um stofnun Grænna iðngarða, annars vegar í Bláskógabyggð og hins vegar í Rangárpingi ytra.

Þá er mikil uppbygging í Ölfusi og hjá Ölfus Cluster þekkingasetri sérlega í kringum nýjar fiskeldisstöðvar á landi.

NýVest – Nýsköpunarnet Vesturlands var stofnað á síðasta ári sem og Samtök þörungafélaga á Íslandi. Landbúnaðarháskóli Íslands er virkur aðili með fulltrúa í stjórn í öllum þessum samstarfsnetum.

Loks vil ég nefna hið mikla og góða kynningarstarf sem unnið er að í skólanum sem skiptir okkur öllu máli til að auka sýnileikann á starfi skólans. Þar munum við halda áfram og gera stöðugt betur með nýjum hugmyndum, áræðni og krafti og biðlum til ykkar allra um að aðstoða okkur í þessu mikilvæga verkefni.

Við vitum að það eru gríðarleg sóknarfæri í íslenskum landbúnaði. Við þurfum að sameina kraftana með skýrri framtíðarsýn og aðgerðaáætlun til lengri tíma.

-----

Kæru kandiðatar, búfræðingar og garðyrkjufraeðingar

Þið ljúkið í dag ákveðnum áfanga þar sem staðfest eru námslok með formlegum hætti og við samfögnum ykkur innilega.

Sum ykkar hafið örugglega ákveðið nú þegar hver næstu skref verða meðan aðrir standa á krossgötum og stórar ákvarðanir framundan. Öll eigið þið þó það sameiginlegt að lærdómurinn heldur áfram – hjá sumum í fleiri formlegum námsgráðum, en hjá öllum í lífinu sjálfu. Við vitum aldrei með fullkominni vissu hvað bíður okkar handan við næsta horn og erum sífellt að fást við nýjar áskoranir. Hefðbundinn

landbúnaður er að taka stakkaskiptum með nýrri tækni, aukinni sjálfvirkni og nýjum kröfum er snúa að umhverfis- og loftslagsmálum.

Njótið lífsins – grípið tækifærin sem gefast – þróið málin áfram. Forðist ekki breytingar - forðist ekki gagnrýni – haldið sjónarmiðum ykkar á lofti og haldið ótraud áfram með þau verkefni sem þið hafið trú á.

Tækifærin eru óteljandi og ef valkvíði er að valda manni heilabrotum er líklega best að velja þá leið sem veitir manni mesta hamingju.

Um leið og kröfur eru settar þarf einnig að hafa umburðarlyndið að vopni og þá ekki síst gagnvart sjálfum sér – en muna jafnframt að það er einfaldast að breyta sjálfum sér.

Í vísunni Manni eftir Vilhjálm Vilhjálmsson segir:

*Upp rennur aftur nýr*

*ægifagur dagur skýr.*

*Ef samtaka við erum öll*

*forðumst læti og frekjuköll,*

*leggjumst öll á eitt,*

*óánægju dagsins getum breytt.*

*Eins og stóra bókin ber*

*að best er þeim sem hjálpa sér.*

*Það eina svarið er,*

*að ætla að breyta sér.*

*Vandi er að velja úr*

*vegum, áttum, regn og skúr.*

*En ef þið sýnið landsins lýð*

*ljóð ykkar og hugarsmíð,*

*hugsjónir, hetjudáð.*

*Þið hegðið ykkur eins og til var sáð.*

*Þið engan þurfið ofurmann.*

*Hann inni býr í brjóstsins rann.*

*Að einum brunni ber*

*að breyta verður sér.*

*Upp rennur annar dagur.*

*Ykkar eigin samviska.*

-----

Kæru kandiðatar, búfræðingar og garðyrkjufraeðingar

Bestu hamingjuóskir með áfangann. Megi ykkur farnast vel í þeim verkefnum sem framundan eru og takk fyrir samveruna á liðnum árum.





### **Búfræði**

Aníta Ýr Atladóttir  
 Árni Ágúst Magnússon  
 Eiður Smári Árnason  
 Emil Stefánsson  
 Gestur Bergmann Gestsson  
 Helgi Fannar Gestsson  
 Johanna Friederike Duerr  
 Jón Björn Blöndal  
 Jón Ingi Haraldsson Vökuson  
 Jökull Gíslason  
 Lydía Rós Unnsteinsdóttir  
 Nadine Stehle  
 Salbjörg Ragna Sævarsdóttir  
 Sigurður Sölvi Óskarsson  
 Sigurður Anton Pétursson  
 Símon Helgi Rudín Helgason  
 Sólveig S Sæmundsdóttir  
 Stefán Berg Ragnarsson  
 Stefni Snær Ingvarsson  
 Valgeir Guðjón Egilsson  
 Þór Ævarsson

### **Garðyrkjuframleiðsla**

Eiður Eyþórsson  
 Ingvar Þorsteinsson

### **Búvísindi BS**

Guðrún Þórdís Halldórsdóttir  
 Gunnhildur Gísladóttir  
 Heidi Laubert Andersen  
 Melkorka Ægisdóttir  
 Oddleifur Eiríksson  
 Ragnheiður Árnadóttir  
 Sigurjón Már Kristinsson  
 Stella Dröfn Bjarnadóttir

### **Hestafræði BS**

Gunnhildur Birna Björnsdóttir

### **Landslagsarkitektúr BS**

Anna Berta Heimisdóttir  
 Anna Lalla Filippusdóttir Patay  
 Arnar Freyr Guðmundsson  
 Birgitta Ösp Atladóttir  
 Elva Dögg Sverrisdóttir  
 Guðlaugur Darri Pétursson  
 Helga Guðný Þorgrímsdóttir  
 Íris Anna Steinsdóttir  
 Jens Davíð Robertsson  
 Jóna Guðrún Kristinsdóttir  
 Karitas Ottesen Ásmundsdóttir  
 Kristján Andri Jóhannsson  
 Margrét Helga Guðmundsdóttir

Margrét Sigurðardóttir  
 Margrét Valdimarsdóttir  
 María Ólöf Sigurðardóttir  
 Pétur Guðmundsson  
 Tinna Holt Victorsdóttir  
 Þorkatla Inga Karlsdóttir  
 Þórný Vaka Þorleifsdóttir

### **Náttúru- og umhverfisfræði BS**

Ásgerður Elín Magnúsdóttir  
 Berglind Guðjónsdóttir  
 Bryndís Guðjónsdóttir  
 Halldóra Ingimarsdóttir  
 Jóhann Gísli Jónsson  
 Sigurður Kristjánsson  
 Una Lilja Erludóttir

### **Skógræði BS**

Hallþór Jökull Hákonarson  
 Jón Grétar Borgþórsson

### **Búvísindi, MS**

Anna Guðrún Þórðardóttir  
 Jóhannes Kristjánsson

### **Endurheimt vistkerfa og sjálfbær landnýting, viðbótardiplóma**

Aisha Wumpini Abdul-Samad  
 Awekonimungu Annet Orombi  
 Ben Amoah  
 Brendah Namara  
 Byambaa Ganbat  
 Chimwemwe Nelson Bandazi  
 Elizabeth Apuseyine  
 Esther Olufunmilayo David  
 Geoffrey Mukisa  
 Kennedy Chifundo Adamson  
 Madalitso Mbanjani Mkandawire  
 Maksat Miinazarov  
 Masekothali Bernice Lekhotsa  
 Motlatsi Johannes Pheko  
 Odchimeg Nyamsuren  
 Paul Effah Koranteng  
 Purevsuren Munkhtur  
 Richard Thole  
 Shuhrat Valiyev  
 Triphine Ainembabazi  
 Vasila Sharipova







### Skógfræði, MS

Kári Freyr Lefever  
Kristín Sveiney Baldursdóttir

### Skipulagsfræði, MS

Anne Steinbrenner  
Jóna Björk Jónsdóttir  
Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir

### Umhverfisbreytingar á norðurlóðum, MS

Britta Steger  
Ellie Fisher  
Franklin Harris  
Anna Karoliina Särkelä  
Kimberly Patricia M Medina  
Lise Suzanne Demeslay  
Manuel Bettineschi  
Sahra Karin Ingrid Gibson  
Steinunn Helgadóttir

### Búvísindi, PhD

Magnus Göransson

Auk þess kláruðu **52** nemendur Reiðmanninn II (2. ár), 33 fein námi og **37** nemendur í Reiðmanninum I (1. ár), 16 fein á framhaldsskólastigi, á vegum Endurmenntunar Lbhí

Frá brautskráningarathöfn GRÓ LRT, Landgræðsluskólans sem fram fór frá Keldnaholti.



Frá brautskráningarathöfn sem fram fór frá Hjálmaskleppi í Borgarnesi.



Magnus Göransson varði doktorsritgerð sína í búvísindum við Landbúnaðarháskóla Íslands og Norska Umhverfis- og Lífvísindaháskólann. Hér er Magnus tv og Þóroddur Sveinsson við tilefnið.



Jóna Guðrún Kristinsdóttir hlaut hæstu einkunn heilt yfir á BS prófi með einkuninni 9,23 en hún brautskráðist úr landslagsarkitektúr.



Freyja Ragnarsdóttir Pedersen, hlaut verðlaun fyrir frábæran árangur í BS lokaverkefni með einkuninni 9,7 en hún brautskráðist úr náttúru- og umhverfisfræði.



Bestan árangur á búfræðiprófi hlaut Johanna Friederike Dür





# STARFSÁR NEMENDAFÉLAGSINS

Ingiberg Daði Kjartansson, formaður

## Nýnemasprell

24. ágúst – var haldinn hinn árlegi nýnemasprellur. Þetta hefur reynst mjög vel til þess að hrista aðeins upp í hópnum, fyrir nemendur að kynna hvert öðru og staðnum sjálfum.

## Leðjubolti

21. september – Það ætlaði að verða okkur torvelt verk að halda leðjuboltann þetta árið útaf miklum vatnavöxtum. En það tókst svo loksins 21. september með stuttum fyrirvara að smala liðinu niður að bökkum Hvítár og þar sem mátti sjá inn á milli mögnuð tillífrif leikenda.



## Bingó

7. október – Brutum við aðeins upp hversdagslífið í október og héldum við mjög svo skemmtilegt bingó, sem vel var sótt.

## Laun fyrir lífi

26. október – Söfnuðust saman í rútu og héldum í Kópavoginn á viðburð á vegum Samtakra ungra bænda og fjölmenntum í stúkuna til þess að sýna stuðning.

## Halloweenball

31. október – Á hrekkjavökunni héldum við danleik á Kollubar, klæddu nemendur sig upp í búninga og spiluðu Sveitamenn undir dansi fram á nótt.

## Árshátíð

18. nóvember – Árshátíð NLBHÍ var haldin í Lyngbrekku þar sem Sveitamenn spiluðu fyrir dansi og Hveitingar framreiddu æðislegar veitingar. Þetta var strembin vika fyrir nemendur en mikið fjör og mjög gaman.

## Aðalfundur

Ekki er komin endanlega dagsetning á aðalfund nemendafélagsins en hann verður haldin á vordögum

## Aðrir viðburðir

Bjórþolti, körfubolti, pub quiz, ungir bændur og Píratar.

Einnig hafa önnur félög innan skólans verið mjög svo virk með viðburðarhald í vetur.

Hestavinafélagið Grani var meðal annars með grímütölt í október, mjólkurtölt í nóvember og skemmtiferð í árshátíðarvikunni. Þá voru þau með gæðingamót og fatasölu í febrúar og gæðingatölt í mars. Svo eru þau í fullum gangi við að undirbúa Skeifudaginn sem haldin er árlega Sumardaginn fyrsta.

Hrútavínafélagið Hreðjar hélt glæsilegt hrútaþukl í lok september og hið víðfræga hrútauppbóð í árshátíðarvikunni. Þá héldu þau fatasölu og skemmtiferð í janúar.

Kúavinafélagið Baula héldu dellubingó í október og fatasölu í nóvember. Svo voru þau með mjög svo skemmtilegt pub quiz í febrúar sem var virkilega vel sótt.





# ENDURMENNTUN LBHÍ

Áshildur Bragadóttir, endurmenntunarstjóri

**Námskeiðahald Endurmenntunar Landbúnaðarháskóla Íslands (Endurmenntunar Lbhí) var með nokkuð hefðbundnu sniði á fyrri helmingi ársins 2023 þar sem áhersla var lögð á námskeið í samráði við fagsvið búgreina, búnaðarsambanda og aðra hagaðila. Mikill kraftur var í námskeiðahaldi á haustmisseri og nemendafjöldi ársins um eitt þúsund manns.**

Á vordægum var ákveðið að ráðast í að þróa nýtt nám í reiðmennsku undir merkjum Reiðmannsins, nám sem væri einstaklingsmiðað og jafnt fyrir þau sem eru að stíga sín fyrstu spor í keppnisreiðmennsku og reynslumiklum keppendum sem vilja bæta árangur sinn í keppnum. Sumarið og haustið var notað í að þróa keppnisnámið og í desember kom í ljós að eftirspurn væri mun meiri en gert var ráð fyrir. Endaði með því að fjórir hópar með 47 nemendum hófu keppnisnám í Reiðmanninum í byrjun árs 2024.

Einingarbært réttindanám í meðferð varnarefna var haldið bæði á vor- og haustmisseri í samstarfi við Umhverfisstofnun og Vinnueftirlitið og útskrifuðust tæplega 40 manns úr náminu. Námið er alfarið kennt í fjarnámi og próf tekin rafrænt. Með því er fleirum gert kleift að verða sér út um réttindin óháð búsetu og er vaxandi áhugi meðal gistihúsaeigenda, ræstingarfyrtækja og matvælafyrtækja að styðja sitt starfsfólk til námsins. Fjárhundanámskeið voru einnig haldin bæði á vori og hausti í samstarfi við Smalahundafélag Íslands og fullt á öll fjögur námskeiðin.

Eins og jafnan er hjá Endurmenntun Lbhí fór haustmisserið af stað með miklum krafti þegar tæplega 200 nemendur hófu nám í Reiðmanninum I, II og III á þrettán stöðum hringinn í kringum landið. Mikill vöxtur hefur verið í Reiðmanninum síðustu tvö ár og og fjölgaði nemendum um 25% frá árinu á undan. Margir af fremstu reiðkennurum landsins kenna í Reiðmanninum og koma valdir sérfræðingar að bóklefum hluta námsins. Tveir stórir viðburðir eru haldnir í Reiðmanninum, útskriftardagur Reiðmannsins að vori og þar sem um 110 nemendur voru viðstaddir útskrift, og Fræðsludagur Reiðmannsins að hausti með um 150 nemendum.

Ýmis námskeið á sviði búfjárhalds, reiðmennsku, landslagsarkitektúrs, skipulagsfræða, skógræktar, umhverfisvísinda og ylræktar voru haldin á árinu 2023 og aukinn fjöldi einingarbærra námskeiða á háskólastigi var í boði. Tvö ný námskeið á sviði ylræktar voru haldin í samstarfi við HortAdvice ráðgjafarfyrtækis á sviði ylræktar í Danmörku og Sölufélags garðyrkjumanna og voru viðtökur góðar.

Eldhræringarnar á Reykjanesi ýttu undir áhuga á einingarbæru námi á háskólastigi í jarðfræði og hefðbundin námskeið, m.a. í rúningi og sauðfjársæðingum, voru vel sótt.

Markaðs- og kynningarstarf er stór liður í starfsemi Endurmenntunar Lbhí og skiluðu herferðir á Facebook og Instagram sér í rúmlega 120 þúsund snertingum og fréttabréf Endurmenntunar Lbhí náðu til tæplega 75.000 lesenda.

Endurmenntun Lbhí er með tvo fasta starfsmenn Áshildi Bragadóttur endurmenntunar- og nýsköpunarstjóra og Randi Holaker verkefnastjóra.

Stofnunin nýtur ýmissar stoðþjónustu hjá Landbúnaðarháskóla Íslands og fjölmargir verktakar sinna kennslu og námskeiðahaldi sem eru sérfræðingar á sínu fagsviði. Samstarf er einnig grundvöllur að fjölbreyttu námskeiðsframboði Endurmenntunar Lbhí og árlega eru fjölmörg námskeið haldin í samstarfi við stofnanir, félagasamtök og atvinnulífið.



# MANNAUÐS- & GÆÐAMÁL

Guðmunda Smáradóttir, mannauðs- og gæðastjóri

## Mannauðs- og gæðamál

Starfsárið 2023 einkenndist meðal annars af úrbótavinnu eftir vel heppnaða stofnanaúttekt Lbhí í nóvember 2022. Dr. Áslaug Helgadóttir var tímabundið ráðin til þess að styðja enn frekar við uppbyggingu gæðastarfs háskólans. Ávöxtur af þeirri vinnu er meðal annars ný handbók um stjórnunarkerfi gæða. Áfram var unnið að uppfærslu á rafrænni gæðahandbók þar sem má finna yfirlit yfir stefnur Lbhí auk verklagsreglna sem tengjast starfi háskólans.

## Endurnýjun jafnlaunavottunar

Lbhí hlaut á starfsárinu formlega endurnýjun jafnlaunavottunar samkvæmt Jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012. Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Jafnlaunakerfið nær til alls starfsfólks háskólans. Landbúnaðarháskólinn hlaut fyrst jafnlaunavottun árið 2020. Endurnýjun jafnlaunavottunar Lbhí gildir frá 2023-2026.

## Heilsa og vinnumhverfi

Áfram var lögð áhersla á að bæta heilsu- og vinnumhverfi starfsmanna. Í upphafi árs bauð Lbhí upp á vinnustaðanudd á Keldnaholti og á Hvanneyri sem var vel nýtt. Þá var reglulega minnt á heilsufarsstefnu Lbhí sem og samning við Vinnuvernd sem felur m.a. í sér trúnaðarlæknisþjónustu, ráðgjöf hjúkrunarfræðinga, heilsufarsmat og samtalsmeðferð við sálfræðinga.

Lbhí tók þátt í Lífshlaupinu, landskeppni í hreyfingu sem og heilsu- og hvatningarverkefninu „Hjólað í vinnuna“ á árinu. Í takt við heilsuverndarstefnu býðst fóstum starfsmönnum íþrótta- og samgöngustyrkur að upphæð 60.000 kr. árlega. Þá er starfsmönnum gefinn kostur á því að stunda 1 klst hreyfingu á viku á vinnutíma.

Samhliða þátttöku í Lífshlaupinu var boðið upp á fræðslu um heilsueflingu og hvernig megi lágmarka streitu með Geir Gunnarssyni, næringarfræðingi.

## Starfsþróun/fræðsla og félagsstarf

Háskólakennurum og doktorsnemendum bauðst á starfsárinu að sækja nám í kennslufræði háskóla sem er 30 eininga diplómanám við Háskóla Íslands. Lbhí veitir styrk fyrir skrásetningargjaldi og 40 stunda kennsluafslátt.

Boðið var upp á námskeið með Þórkötlunni Aðalsteinsdóttur sálfræðingi um einelti, kynferðislegt ofbeldi og áreiti á vinnustað. Viðbragðsáætlun Lbhí um viðbrögð við einelti, kynferðislegt og kynbundið áreiti var yfirfarin við sama tilefni.

Boðið var upp á örnámskeið í Microsoft Office 365 þar sem farið var yfir lausnir í Microsoft 365 í teymisvinnu, skipulagi verkefna og samstarfi innanhúss og utan. Eva Símonardóttir upplýsingatæknisérfræðingur hjá Lbhí leiðbeindi á námskeiðinu.

Boðið var upp á þrjú námskeið í þjálfun í vetrarakstri sem var vel sótt af starfsmönnum, innlendum sem erlendum.







Samstarf við Mími-símenntun hélt áfram á árinu. Erlendum starfsmönnum er boðið að sækja námskeið í íslensku sem hafa verið vel sótt og aukið á kynni erlendra starfsmanna við skólann.

Lbhí er aðili að Stjórnvísi sem er spennandi vettvangur fyrir hverskonar símenntun um stjórnun, þekkingarmiðlun, umræður og tengslamyndun. Starfsmenn hafa nýtt sér stafræn námskeið og fræðslu í gegnum þann miðil.

Haustfagnaður starfsmanna Lbhí var haldinn í október og var farið í haustlitaferð á Snæfellsnesið. Boðið var upp á sveitahlaðborð að Miðhrauni, þá var Snæfellsjökulþjóðgarður heimsóttur þar sem starfsmenn fengu kynningu og leiðsögn um þjóðgarðinum. Loks var Þjóðgarðsmiðstöðin á Hellissandi heimsótt. Starfsmenn kunnugir staðarháttum fræddu starfsmenn um staðarhætti meðan á ferðinni stóð.

Jólahlaðborð Lbhí var haldið í byrjun desember að Hótel Varmalandi. Boðið var upp á rútuferðir úr Reykjavík og frá Hvanneyri og gistingu fyrir þá sem það kusu. Lifandi tónlist var í boði var í boði og starfsmenn komu skemmtilega á óvart með tónlistarflutningi.

Ráðið var í fjölbreytt akademísk störf sem og störf á stoðsviðum skólans á starfsárinu en alls voru sjö starfsmenn ráðnir til starfa á starfsárinu. Þá létu sjö starfsmenn af störfum á starfsárinu og þarf af tveir vegna aldurs.

Í árslok 2023 voru 94 starfsmenn á launaskrá hjá Lbhí.







# REKSTRARSVIÐ

Margrét Guðjónsdóttir, aðalbókari

**Rekstrarskrifstofa annast fjármál, bókhald, launaútreikninga, áætlanagerð, innheimtu og önnur tengd verkefni. Tölvumál heyra einnig undir rekstrarsvið.**

**Tölvuþjónusta** annast rekstur tölvukerfa og gagnaveitna auk umfangsmikillar vefumsjónar, m.a. í samvinnu við aðrar landbúnaðarstofnanir.

**Bókasafnið** rekur þjónustu og útlánastarfsemi á Hvanneyri og Keldnaholti. Safnið er sérhæft á sviði náttúrufræði, náttúrunýtingar, landbúnaðar, skipulagsfræði o.fl.

**Rannsóknastofur** eru starfræktar á Hvanneyri og Keldnaholti vegna kennslu- og rannsóknaverkefna innan skólans. Á Keldnaholti eru starfræktar rannsóknastofur í jarðvegsfræði, sameindafræði og til mælinga á gróðurhúsalofttegundum. Á Hvanneyri eru rannsóknastofur vegna kennslu og efnagreininga á gróðri.

**Tilraunaaðstaða** til allra jarðræktar- og umhverfisrannsókna er á Hvanneyri.

**Jarðræktarmiðstöð** er á Hvanneyri þar sem jarðræktartilraunir eru stundaðar. Miðstöðin er staðsett í gamla bútæknihusinu á Hvanneyrartorfunni.

**Hvanneyrarbúið ehf.** Er alfarið í eigu skólans og rekur kúabú á Hvanneyri. Búreksturinn er grunnur fyrir mikilvæga þætti í kennslu og rannsóknum við skólann. Áhersla hefur verið á búfjárrækt og jarðrækt en á seinni árum einnig atferlis-, umhverfis- og orkuvísindi.

**Á Hesti** í Borgarfirði er tilraunabú skólans í sauðfjárrækt. Þarfara framkynbóta- og erfðarannsóknir, ásamt tilraunum með jarðrækt og meðferð og fóðrun sauðfjár. Jörðin hefur einnig verið nýtt til rannsókna í umhverfismálum m.a. varðandi endurheimt votlendis.

**Á Mið-Fossum** er aðstaða til verklegrar kennslu í reiðmennsku og hestatengdum áföngum sem og námskeiðshaldi og nýttist jafnframt fyrir hestatengda viðburði í héraðinu.

**Á Möðruvöllum** í Hörgárdal er aðstaða fyrir jarðræktartilraunir.





# ÁRSREIKNINGUR

Kristín Theodóra Ragnarsdóttir, rekstrar- og fjármálastjóri

## Niðurstaða Ársreiknings Lbhí

	2023	2022
<b>Tekjur</b>		
Sértekjur	806.713.002	764.716.635
Aðrar rekstrartekjur	50.520.205	38.288.156
<b>Tekjur samtals</b>	<b>857.233.207</b>	<b>803.004.791</b>
<b>Gjöld</b>		
Laun	1.119.377.352	1.084.311.516
Rekstrarkostnaður	920.950.144	875.702.706
Afskriftir eigna	58.180.453	51.871.694
<b>Gjöld samtals</b>	<b>2.098.507.949</b>	<b>2.011.885.916</b>
Gjöld umfram tekjur	-1.241.274.742	-1.208.881.125
Framlag ríkissjóðs	1.250.600.000	1.250.300.000
Framlag til afskrifta	58.180.453	51.871.694
<b>Samtals</b>	<b>67.505.711</b>	<b>93.290.569</b>
<b>Afkoma ársins</b>	<b>67.505.711</b>	<b>93.290.569</b>





# UMHVERFISMÁL

Jóhanna Gísladóttir og Nanna Vilborg Harðardóttir

**Umhverfisstjóri hefur umsjón með faglegri stefnu á sviði umhverfis- og loftlagsmála við Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) og framkvæmd hennar. Þá hefur hann einnig yfirumsjón með umhverfisbókhaldi og umbótaverkefnum í umhverfis- og loftlagsmálum, sem og uppbyggingu útisvæða á jarðeignum skólans.**

Samkvæmt loftlagsstefnu LbhÍ fyrir 2022-2024 ætlar skólinn sér forystuhlutverk á sviði sjálfbærrar landnýtingar, umhverfisvæns landbúnaðar, vistheimtar, nytjaskógræktar, og umhverfis- og náttúrufræða á Íslandi. LbhÍ vill vera til fyrirmyndar í umhverfisvænum búrekstri, umhverfis- og náttúruverndarmálum og hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi í rekstri, stjórnun, starfsemi og uppbyggingu. Þá leggur LbhÍ áherslu á að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi sinni og þeim afleiðingum sem losuninni fylgir.

Í umhverfisstefnu LbhÍ er kveðið á um að á ásýnd og aðkoma að starfsstöðvum LbhÍ eigi að vera myndarleg og lýsandi fyrir starfseminna, að búreksturinn sé til fyrirmyndar og sýnilegur, og að gott aðgengi og fræðsla um starfseminna sé í fyrirrúmi. Landnýting,

þ.m.t. búrekstur, skal stunda í sem mestri sátt við umhverfið og miða að því að viðhalda eða bæta landgæði. Þá á að stuðla að verndun, viðhaldi og endurheimt náttúrulegra vistkerfa, minnka losun kolefnis og auka bindingu.

LbhÍ tekur þátt í Grænum skrefum í ríkisrekstri sem Umhverfisstofnun heldur utan um. Í mars 2022 náði LbhÍ 1. og 2. Grænu skrefunum og í desember 2022 náðust 3. og 4. Grænu skrefin að lokinni úttekt. Í febrúar 2023 kláraði Landbúnaðarháskólinn svo úttekt hjá Umhverfisstofnun á fimmta og síðasta skrefi Grænna skrefa í ríkisrekstri. LbhÍ hefur sett sér aðgerðaáætlun í umhverfismálum, en samkvæmt henni er stefnt á að minnka losun frá allri starfsemi skólans.

Grænu bókhaldi var skilað inn til Umhverfisstofnunar fyrir árið 2023, en þar undir eru gögn er varðar úrgang, flug, akstur, rafmagn, heitavatnsnotkun, stöðugildi og stærð húsnæðis. Þar sem starfsemi skólans var ekki hefðbundin árin 2020 og 2021 var stefnt á að minnka losun miðað við árið 2019. Samdráttur hefur orðið í heildarlosun CO<sub>2</sub> í tonnum frá starfsemi skólans miðað við 2019, en helsti árangurinn endurspeglast í miklum samdrætti í losun frá akstri og úrgangi, og aukinni flokkun.







# MARKAÐS- & KYNNINGARSVIÐ

Rósa Björk Jónsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri

**Markaðs- og kynningarstjóri starfar einn á sínu sviði en í góðri samvinnu við annað starfsfólk og nemendur. Kynningarstjóri er einnig markaðsstjóri og vefstjóri ásamt því að hafa umsjón með útgáfumálum skólans.**

## Heimsóknir og viðburðir

Helsti viðburður sem unnið er að á markaðs- og kynningarsviði er Háskóladagurinn sem er samstarf allra háskóla á Íslandi þar sem aðaláherslan er á að kynna grunnnám fyrir nemendum framhaldsskóla og forráðamanna. Á árinu 2023 var fyrsti Háskóladagurinn haldinn aftur eftir 2ja ára hlé í Reykjavík vegna samkomutakmarkana. Landbúnaðarháskóli Íslands kynnti námsframboð sitt í Grósku ásamt öðrum landsbyggðarháskólum auk þess að vera með kynningarbás í húsakynnum HR og LHÍ. Þá var einnig farið á Akureyri þar sem allir háskólar landsins kynntu námsframboð sitt í húsakynnum HA. Dagarnir tókust vel til og stóðu nemendur og starfsfólk vaktina og kynnti námið fyrir áhugasömu ungu fólki. Þó nokkuð var um aðra viðburði og heimsóknir og má þar helst nefna kynningu á meistaranámsmöguleikum í Lbhí sem haldin var á Keldnaholti, Skeifudagurinn og útskrift Reiðmannsins á Mið-Fossum, Bioblitz, evrópsk keppni í skráningu lífræðilegs fjölbreytileika

á landssvæðum Lbhí, Jafnréttisdagar háskólanna, málþing og útgáfuhóf, Vísindavöku Rannís sem og Bisce keppni nemenda á sviðum líffvísinda og landbúnaðar. Þá var einnig á vordögum haldið opið hús í fyrsta sinn á Hvanneyri þar sem fólki gafst kostur á að kynna sér námið í Lbhí og aðstöðu skólans þar. Markaðs- og kynningarsvið tekur einnig þátt í háskólanetinu UN!green og er kynningarstjóri fulltrúi í vinnuhóp um miðlun efnis og markaðsmála. Einnig var kynningarstjóri annar tveggja fulltrúa Lbhí í vinnu um sameiginlega innritunargátt háskólana og tók þátt í vinnu því tengdu yfir árið. Þá var unnið að gerð nýrra stefnu fyrir Lbhí og ýmis útgáfa Rita Lbhí og skýrslna unnar innan skólans.

## Auglýsingagerð og markaðsherferð

Á vordögum 2023 var keyrt á herferð undir slagorðinu „Ekkert er stærra en náttúran“ með áherslu á að draga fram fjölbreytta nálgun skólans á málefnum náttúrunnar. Þar hvetjur skólinn fólk til að hugsa stórt

og skapa sína eigin framtíð og hafa áhrif á framtíð annara. Auk sjónvarpsauglýsingar var einnig birt efni fyrir prent-, vef- og samfélagsmiðla. Nemendur skólans tóku þátt í auglýsingunni og eru frábærir sendiherrar skólans. Niðurstöður herferðar á netinu var samtals 5.081.185 birtingar og 21.591 smellir. Þá var einnig gerð innsetning í strætósýli í miðbæ Reykjavíkur þar sem náttúrunni var lætt inn í borgarumhverfið í skjóli nætur og þúfu var komið fyrir í Kringlunni þar sem fólk gat skannað QR kóða og fengið nánari upplýsingar um skólann. Heilt yfir tókst herferðin vel til og náði nokkru flugi á samfélagsmiðlum.



# RIT LBHÍ 2023



Rit Lbhí nr. 165 - Áhrif lýsingar og CO<sub>2</sub> auðgunar á vöxt, uppskeru og gæði gróðurhúsátómata

Höfundur: Christina Stadler



Rit Lbhí nr. 164 - Langtímaáhrif tilbúins áburðar og kúamykju á jarðveg og gróðurframvindu á Geittasandi

Höfundar: Guðni Þorvaldsson, Hólmgeir Björnsson og Þorsteinn Guðmundsson




Rit Lbhí nr. 163 - Gerlamengun í höfnum Faxaflóahafna. Niðurstöður vöktunar 2021-2022

Verkefnisstjóri: Hlynur Óskarsson



Rit Lbhí nr. 162 - Bleikir Akrar. Aðgerðaráætlun um aukna kornrækt

Höfundar: Egill Gautason, Helgi Eyleifur Þorvaldsson og Hrannar Smári Hilmarsson.



Rit Lbhí nr. 161 - Nytjaplöntur á Íslandi 2023

Ritstjóri: Þóroddur Sveinsson





# RITASKRÁ STARFSMANNA – RITRÝNT EFNI 2023



Anna Guðrún Thorhallsdóttir, **Jón Guðmundsson**. *Carbon dioxide fluxes and soil carbon storage in relation to long-term grazing and no grazing in Icelandic semi-natural grasslands*. Applied Vegetation Science 26(4) <https://doi.org/10.1111/avsc.12757>

**Arnalds, O.**; Marteinsdóttir, B.; Brink, SH; Thorsson, J. A framework model for current land condition in Iceland. PLOS ONE 18(7) <http://dx.doi.org/10.1371/journal.pone.0287764>

**Axmacher, Jan Christoph**; Sang, Weiguo; Brennan, Ewan; Diekman, Maryse; Liu, Yunhui; Marples, Alice; Shi, Hongliang; Sui, Zhongzhou; Sun, Xiaojie; Warren-Thomas, Eleanor; Yang, Xin; Yu, Zhenrong; Bai, Fan; Li, Liangtao; Wang, Changliu; Wang, Xin; Zou, Yi. *Regional sets of diverse, specialized ground beetle and plant assemblages recolonise China's restored temperate forest landscapes*. Forest Ecology and Management 549 <http://dx.doi.org/10.1016/j.foreco.2023.121479>

Baldo, C.; Formenti, P.; Di Biagio, C.; Lu, G.; Song, C.; Cazaunau, M.; Pangui, E.; Doussin, J-F; **Dagsson-Waldhauserova, P.**; **Arnalds, O.**; Beddows, D.; MacKenzie, A.R. and Shi, Z. *Complex refractive index and single scattering albedo of Icelandic dust in the shortwave spectrum*. Atmospheric Chemistry and Physics 23(14):7975–8000 <https://doi.org/10.5194/acp-23-7975-2023>

**Barrio, I.C.**; Rapini, A. *Plants under pressure: the impact of environmental change on plant ecology and evolution*. BMC Ecology and Evolution 23(1) <http://dx.doi.org/10.1186/s12862-023-02115-z>

Biplabi Bhattarai, **Bjarni D. Sigurdsson**, Páll **Sigurdsson**, Niki Leblans, Ivan Janssens, Wendelien Meynzer, Arun Kumar Devarajan, Jaak Truu, Marika Truu, Ivika Ostonen. *Soil warming duration and magnitude affect the dynamics of fine roots and rhizomes and associated C and N pools in subarctic grasslands*. Annals of Botany 132(2):269–279 <https://doi.org/10.1093/aob/mcad102>

Charlotta Oddsdóttir, Hanna Krístrún Jónsdóttir, **Erla Sturludóttir**. *Haematological reference intervals for pregnant Icelandic mares on pasture*. Acta Veterinaria Scandinavica 2023. <https://doi.org/10.1186/s13028-023-00721-x>

D'Agata, Alessia; Ponza, Daniele; Stroiú, Florin Adrian; Vardopoulos, Ioannis; Rontos, Kostas; Escriva, Francisco; Chelli, Francesco; Alaimo, Leonardo Salvatore; Salvati, Luca; **Nickyain, Samaneh Sadat**. *Toward Sustainable Development Trajectories? Estimating Urban Footprints from High-Resolution Copernicus Layers in Athens, Greece*. Land 12(8) <http://dx.doi.org/10.3390/land12081490>

Dahl, Mathilde Borg; Sollinger, Andrea; Siguros, Paul; Penueas, Josep; Janssens, Ivan; **Sigurdsson, Bjarni D.**; Richter, Andreas; Tveit, Alexander; Urich, Tim. *Long-term warming-induced trophic downgrading in the soil microbial food web*. Soil Biology & Biochemistry 181 <http://dx.doi.org/10.1016/j.soilbio.2023.109044>



- Davide Frigo, **Ólafur Eggertsson**, Angela Luisa Prendin, Raffaella Dibona, Lucrezia Unterholzner, Marco Carrer. *Growth form and leaf habit drive contrasting effects of Arctic amplification in long-lived woody species*. *Global Change Biology* 29(20) <https://doi.org/10.1111/gcb.16895>
- Di Mauro, B., **Dagsson-Waldhauserova, P.**, et al. *Dust in Svalbard: local sources versus long-range transported dust*. SESS report, Svalbard Int. Arctic Earth Obs. Sys., Longyearbyen, pp. 62-77, [doi.org/10.5281/zenodo.7377518](https://doi.org/10.5281/zenodo.7377518), <https://zenodo.org/records/7377518>.
- Egill Gautason**, Goutam Sahana, Bernt Guldbrandtsen, Peer Berg. *Impact of kinship matrices on genetic gain and inbreeding with optimum contribution selection in a genomic dairy cattle breeding program*. *Genetics Selection Evolution* 55(1) <http://dx.doi.org/10.1186/s12711-023-00826-x>
- Elves-Powell, Joshua; Neo, Xavier; Park, Sehee; Woodroffe, Rosie; Lee, Hang; **Axmacher, Jan C.**; Durant, Sarah M. *A preliminary assessment of the wildlife trade in badgers (*Meles leucurus* and *Arctonyx spp.*) (Carnivora: Mustelidae) in South Korea*. *Journal of Asia-Pacific Biodiversity* 16(2):204-214 <http://dx.doi.org/10.1016/j.japb.2023.03.004>
- Emmanuel Pierre Pagneux, Erla Sturludóttir**, Rannveig Ólafsdóttir. *Modelling of recreational trails in mountainous areas: An analysis of sensitivity to slope data resolution*. *Applied Geography* 160 <https://doi.org/10.1016/j.apgeog.2023.103112>
- Fan, Shunxiang; **Axmacher, Jan C.**; Shu, Hanjun; Liu, Yunhui. *Ecological network design based on optimizing ecosystem services: case study in the Huang-Huai-Hai region, China*. *Ecological Indicators* 150 <http://dx.doi.org/10.1016/j.ecolind.2023.110264>
- Fang, Chao; Verbrugghe, Niel; **Sigurdsson, Bjarni D.**; Ostonen, Ivika; Leblans, Niki I.W.; Maranon-Jimenez, Sara; Fuchslueger, Lucia; **Sigurdsson, Pall**; Meeran, Kathiravan; Portillo-Estrada, Miguel; Verbruggen, Erik; Richter, Andreas; Sardans, Jordi; Penuelas, Josep; Bahn, Michael; Vicca, Sara; Janssens, Ivan A.A. *Decadal soil warming decreased vascular plant above and belowground production in a subarctic grassland by inducing nitrogen limitation*. *New Phytologist* 240(2): 565-576 <http://dx.doi.org/10.1111/nph.19177>
- Ferrin, Miquel; Penuelas, Josep; Gargallo-Garriga, Albert; Iribar, Amaia; Janssens, Ivan A.; Maranon-Jimenez, Sara; Murienne, Jerome; Richter, Andreas; **Sigurdsson, Bjarni D.**; Peguero, Guille. *Responses of soil hexapod communities to warming are mediated by microbial carbon and nitrogen in a subarctic grassland*. *European Journal of Soil Biology* 117 <http://dx.doi.org/10.1016/j.ejsobi.2023.103513>
- Gerrits, Gijs M.; Waenink, Rik; **Aradottir, Asa L.**; Buisson, Elise; Dutoit, Thierry; Ferreira, Maxmiller C.; Fontaine, Joseph B.; Jaunatre, Renaud; Kardol, Paul; Loeb, Roos; Magro Ruiz, Sandra; Maltz, Mia; Paertel, Meelis; Peco, Begona; Piqueray, Julien; Pilon, Natasha A.L.; Santa-Regina, Ignacio; ... *Synthesis on the effectiveness of soil translocation for plant community restoration*. *Journal of Applied Ecology* 60(4):714-724 <http://dx.doi.org/10.1111/1365-2664.14364>
- Häkkinen, H.; Taylor, N.G.; Pettorelli, N.; Sutherland, W.J.; Aldará, J.; Anker-Nilssen, T.; Aulert, C.; van Bemmelen, R.S.A.; Burnell, D.; Cadiou, B.; Campioni, L.; Clark, B.L.; Dehnhard, N.; Dias, M.P.; Enners, L.; Furness, R.W.; Hallgrímsson, G.T.O.; Hammer, S.; Hansen, E.S.; Hario, M.; **Hurling, S.**; Jessopp, M.; Kleinschmidt, B.; ... *Co-developing guidance for conservation: An example for seabirds in the North-East Atlantic in the face of climate change impacts*. *Conservation Science and Practice* 5(8) <http://dx.doi.org/10.1111/csp2.12985>
- Harpa Stefánsdóttir**, Jin Xue, Rasmus Steffansen, Petter Næss, Tim Richardson. *The potential use pattern of second homes in response to climate change. The role of place attachment*. *Second Homes and Climate Change* 140-156 bls.
- Hollister, R.D.; Elphinstone, C.; Henry, G.H.R.; Bjorkman, A.D.; Klanderud, K.; Bjoerk, R.G.; Bjoerkman, M.P.; Bokhorst, S.; Carbognani, M.; Cooper, E.J.; Dorrepaal, E.; Elmendorf, S.C.; Fetcher, N.; Gallois, E.C.; **Gudmundsson, J.**; Healey, N.C.; Jonsdóttir, I.S.; Klarenberg, I.J.; Oberbauer, S.F.; Macek, P.; May, J.L.; Mereghetti, A.; Molau, U.; Petraglia, A.; Rinnan, R.; Rixen, C.; Wookey, P.A. *A review of open top chamber (OTC) performance across the ITEX Network*. *Arctic Science* 9(2):331-344 <http://dx.doi.org/10.1139/AS-2022-0030>
- Hubbard, Ella; Wearne, Samuel; Jonas, Krisztina; Norton, Jonny; **Wilke, Maria**. *Where are you at? Re-engaging bioregional ideas and what they offer geography*. *Geography Compass* 17(10) <http://dx.doi.org/10.1111/gec3.12722>
- Isabel Pilar Catalan Barrio**, Alessandro Rapini. *Plants under pressure: the impact of environmental change on plant ecology and evolution*. *BMC Ecology and Evolution* 23(13):3bls.





- Isabel P.C. Barrio, Ólafur G. Arnalds.** *Agricultural Land Degradation in Iceland. Impact of Agriculture on Soil Degradation II* bls. 159-177
- Jian Sun, **Isabel P.C. Barrio.** *Fences and hydropower. Important but overlooked Human Footprint.* *Geography and Sustainability* 4(4):340-342 10.1016/j.geosus.2023.08.002
- Jón Hjalti Eiríksson,** Guosheng Su, Ismo Strandén, Ole F. Christensen. *Segregation between breeds and local breed proportions in genetic and genomic models for crossbreeds.* *Genetics Selection Evolution* 55(1)
- Kaasik, Marko; Meinander, Outi; Leppanen, Leena; Anttila, Kati; **Dagsson-Waldhauserova, Pavla;** Ginnerup, Anders; Hampinen, Timo; Liu, Yijing; Gunnarsson, Andri; Langley, Kirsty; Arslan, Ali Nadir. *Accuracy of Manual Snow Sampling, Depending on the Sampler's Cross-Section-A Comparative Study.* *Geosciences* 13(7) <http://dx.doi.org/10.3390/geosciences13070205>
- Klarenberg, Ingeborg J.; Keuschnig, Christoph; **Salazar, Alejandro;** Benning, Liane G.; Vilhelmsson, Oddur. *Moss and underlying soil bacterial community structures are linked to moss functional traits.* *Ecosphere* 14(3) <http://dx.doi.org/10.1002/ecs2.4447>
- Kushbokov, A.U.; **Barrio, I.C.;** Jónsdóttir, I.S. *Estimating the effects of grazing exclusion on the seed bank in Icelandic rangelands.* *Icelandic Agricultural Sciences* 36:35-40 <https://doi.org/10.16886/IAS.2023.03>
- Laura Barbero-Palacios,** Kristy M. Ferraro, **Isabel Pilar Catalan Barrio,** Jennifer A. Krumins, Jordi Bartolomé ... *Faecal nutrient deposition of domestic and wild herbivores in an alpine grassland.* *Science of the Total Environment* 903:166616 <https://doi.org/10.1016/j.scitotenv.2023.166616>
- Lárusson, T.; **Sveinbjörnsson, J.** *The effects of pelleting hay upon feed intake, digestibility, growth rate and energy retention of lambs.* *Icelandic Agricultural Sciences* 36:55-68 <http://dx.doi.org/10.16886/IAS.2023.05>
- Matthias Kokorsch, **Jóhanna Gísladóttir.** *You talk of threat, but we think of comfort: the role of place attachment in small remote communities in Iceland that experience avalanche threat.* *Regional Environmental Change* 23(4) <http://dx.doi.org/10.1007/s10113-023-02144-w>
- Meeran, Kathiravan; Verbrigghe, Niel; Ingrisch, Johannes; Fuchslueger, Lucia; Mueller, Lena; **Sigurdsson, Pall; Sigurdsson, Bjarni D.;** Wachter, Herbert; Watzka, Margarete; Soong, Jennifer L.; Vicca, Sara; Janssens, Ivan A.; Bahn, Michael. *Individual and interactive effects of warming and nitrogen supply on CO2 fluxes and carbon allocation in subarctic grassland.* *Global Change Biology* 29(18):5276-5291 <http://dx.doi.org/10.1111/gcb.16851>
- Mona, L., Amiridis, V., Cuevas, E., Gkikas, A., Trippetta, S., Vandenbussche, S., Benedetti, A., **Dagsson-Waldhauserova, P.,** Formenti, P., Haefele, A., Kazadzis, S., Knippertz, P., Laurent, B., Madonna, F., Nickovic, S., Papagiannopoulos, N., Pappalardo, G., García-Pando, C. P., Popp, T., Rodríguez, S., Sealy, A., Sugimoto, N., Terradellas, E., Vimic, A. V., Weinzierl, B., & Basart, S., 2023. *Observing mineral dust in Northern Africa, the middle east and europe: current capabilities and challenges ahead for the development of dust services.* *Bulletin of the American Meteorological Society* 23, <https://doi.org/10.1175/BAMS-D-23-0005.1>, <https://journals.ametsoc.org/view/journals/bams/aop/BAMS-D-23-0005.1/BAMS-D-23-0005.1.xml>
- Nickayin, S.S.** Waterscape in Hjari Veraldar: *The 'Last Habitable Edge of the Earth'.* *Ri-Vista, Research for Landscape Architecture*, 23(01):122-140 ISSN 1724-6768
- Nickayin, S.** *From (Mega) Regionalism Towards Planetary Scale in Landscape Architecture.* In T. Bevk, M., Golobič (Eds.) *Scales of Change, Conference European Council of Landscape Architecture Schools* 71-80 pp. University of Ljubljana.
- Nickayin, S.S.** *Geothermal Wastewater Management To Create A Circular Economy. Taking advantage of the abundant thermal wastewater in Iceland.* In Stefanakis, A. and Nikolaou, I. (Ed.) *Circular Economy and Sustainable Development: A Necessary Nexus for a Sustainable Future.* Springer Nature 121-127 pp.harp



- Nickayin, S.** *Dualismo. Citta versus foreste*. In: Bianconi, F.; Fillippucci, M.; Zagari, F.; Clemente M.; Meschini, M. (Eds.) Hortus Lizori: Percorsi sulla rappresentazione del paesaggio e la valorizzazione del patrimonio storico culturale. Rimini (Italy): Maggioli Editore 163-181 pp. ISBN: 978-88-916-6209-5
- Nickayin, S.S.**; Jahelka, A.; Ye, Sh.; Perrone, F.; Salvati, L. "Planning for Just Cities with Nature-Based Solutions: Sustainability and Socio-Environmental Inequalities in San José de Chamanga, Ecuador", Land 2023, 12:604. <https://doi.org/10.3390/land12030604>
- Nickayin, Samaneh Sadat**; Egidi, Gianluca; Cudlin, Pavel; Salvati, Luca. *Investigating metropolitan change through mathematical morphology and a dynamic factor analysis of structural and functional land-use indicators*. Scientific Reports 13(1)
- Oddsdóttir, C.**; **Sturludóttir, E.**; Sigurðardóttir, Ó.G.; Valgeirsdóttir, B.; Eyjólfsdóttir, E.I.; Björnsdóttir, S. *Accumulation of fluoride in Icelandic sheep and horses 2007-2019 and the effect of proximity to aluminium smelters*. Icelandic Agricultural Sciences 36:3-19 <https://doi.org/10.16886/IAS.2023.01>
- Olstad, K.; Ekman, S.; **Björnsdóttir, S.**; Fjordbakk, C.T.; Hansson, K.; Sigurdsson, S.F.; Ley, C.J. *Osteochondrosis in the central and third tarsal bones of young horses*. Veterinary Pathology 16(1) <http://dx.doi.org/10.1177/03009858231185108>
- Ólafur Arnalds**. Mold ert þú - jarðvegur og íslensk náttúra. IÐNÚ útgáfa, Reykjavík. 525bls.
- Owczarek, P., **Dagsson-Waldhauserova, P.**, Opała-Owczarek, M., Migala, K., **Arnalds, O.**, Schaetzel, R.J., 2022. *Aeolian erosion rates in northeastern Iceland, as indicated by changes in growth rings and cell sizes of Arctic dwarf shrub roots*. Geoderma 428:116173 <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0016706122004803>
- Qingqing Chen; Shaopeng Wang; Elizabeth T. Borer; Jonathan D. Bakker; Eric W. Seabloom; ... **Isabel Pilar Catalana Barrio**; ... Yann Hautier. *Multidimensional responses of grassland stability to eutrophication*. Nature Communications 14(6375)
- Sigurdardóttir, Heidrun**; Boije, Henrik; Albertsdóttir, Elsa; **Kristjansson, Thorvaldur**; Rhodin, Marie; Lindgren, Gabriella; Eriksson, Susanne. *The genetics of gaits in Icelandic horses goes beyond DMRT3, with RELN and STAU2 identified as two new candidate genes*. Genetics Selection Evolution 55(1) <http://dx.doi.org/10.1186/s12711-023-00863-6>
- Smit, Ineke H.; Hernlund, Elin; Persson-Sjodin, Emma; **Björnsdóttir, Sigridur**; **Gunnarsdóttir, Helga**; Gunnarsson, Vikingur; Rhodin, Marie; Braganca, Filipe M. Serra. *Adaptation strategies of the Icelandic horse with induced forelimb lameness at walk, trot and tolt*. Equine Veterinary Journal <http://dx.doi.org/10.1111/evj.13998>
- Sofia Karabatsos, Nicholas C. Larter, Danny G. Allaire, Kayla Eykelboom, Cesar Estevo ... **Isabel Pilar Catalana Barrio**... *Dall's sheep horn growth and harvest management in the Mackenzie Mountains, Northwest Territories, Canada*. Journal of Wildlife Management <https://doi.org/10.1002/jwmg.22536>
- Sol Rodríguez-Martínez, **Ólafur Gestur Arnalds**, **Jón Guðmundsson**, **María Svavarsdóttir**, **Fanney Ósk Gísladóttir** ... *Exposure to sulfur in soil explains pigmentation by pheomelanin in birds inhabiting Iceland*. Journal of Ornithology 164(3):639-649 <http://dx.doi.org/10.1007/s10336-023-02051-1>
- Stadler, C.** *What must be considered in winter strawberry production under LEDs in Iceland?* Acta Agriculturae Scandinavica section B, Soil & Plant Science, 73(1):152-160 DOI:10.1080/09064710.2023.2251498
- Stefansdóttir, H.**; Næss, P.; Czepkiewicz, M.; Heinonen, J. *The aesthetic images of urban spaces and the use of active transport modes – the case of Reykjavik, EURA conference – Reykjavik 22-26 June 2023* <https://easychair.org/smart-program/EURA2023/index.html>
- Stefansdóttir, H.**; Mouratidis, K.; Rynning, M. *The role of urban design and planning in stimulating utilitarian walking - How does the context of a Nordic 'small city' matter? EURA conference – Reykjavik 22-26 June 2023* <https://easychair.org/smart-program/EURA2023/index.html>
- Sun, J.; **Barrio, I.C.** *Fences and hydropower: Important but overlooked Human Footprint*. Geography and Sustainability 4(4):340-342 <http://dx.doi.org/10.1016/j.geosus.2023.08.002>
- Thakur, Madhav P.; **Sigurdsson, Bjarni D.**; **Sigurdsson, Pall**; Holmstrup, Martin. *Warming shifts the biomass distribution of soil microarthropod communities*. Soil Biology & Biochemistry 177 <http://dx.doi.org/10.1016/j.soilbio.2022.108894>





Varga, Gyorgy; Meinander, Outi; Rostasi, Agnes; **Dagsson-Waldhauserova, Pavla**; Csavics, Adrienn; Gresina, Fruzsina. *Saharan, Aral-Caspian and Middle East dust travels to Finland (1980-2022)*. *Environment International* 180 <http://dx.doi.org/10.1016/j.envint.2023.108243>

Vladimir Mikryukov, Olesya Dulya, Alexander Zizka, Mohammad Bahram, Niloufar Hagh-Doust ... **Isabel Pilar Catalana Barrio**... *Connecting the multiple dimensions of global soil fungal diversity*. *Science advances* 9(48) DOI:10.1126/sciadv.adj8016

Wearne, Samuel; Hubbard, Ella; Jonas, Krisztina; **Wilke, Maria**. *A learning journey into contemporary bioregionalism*. *People and Nature*: 2124-2140 <http://dx.doi.org/10.1002/pan3.10548>

Weedon, James T.; Baath, Erland; Rijkers, Ruud; Reischke, Stephanie; **Sigurdsson, Bjarni D.**; Oddsdottir, Edda; van Hal, Jurgen; Aerts, Rien; Janssens, Ivan A.; van Bodegom, Peter M. *Community adaptation to temperature explains abrupt soil bacterial community shift along a geothermal gradient on Iceland*. *Soil Biology & Biochemistry* 177 <http://dx.doi.org/10.1016/j.soilbio.2022.108914>

**Wilke, Maria**. *Comparing Public Participation in Coastal and Marine Planning in the Arctic: Lessons from Iceland and Norway*. *Coasts* 3(4):345-369 <https://doi.org/10.3390/coasts3040021>.

**Wilke, Maria**. *Public participation in marine spatial planning in Iceland*. *Frontiers in Marine Science* 10 <http://dx.doi.org/10.3389/fmars.2023.1154645>

**Wilke, Maria**; Kristjánsdóttir, S. *Under the surface: climatic and societal challenges in marine spatial planning in the Westfjords of Iceland*. *Climate* 11(8):172 <https://doi.org/10.3390/cli11080172>.

Zhao, Jinqi; Xiao, Yi; Zhang, Yanliang; Shao, Yuting; Ma, Tianxiao; Kou, Xiaojun; Zhang, Yuanyuan; Sang, Weiguo; **Axmacher, Jan Christoph**. *Socioeconomic development shows positive links to the conservation efficiency of China's protected area network*. *Global Change Biology* 29(12):3433-3448 <http://dx.doi.org/10.1111/gcb.16691>





# SJÁLFBÆRNI HAGSÆLD FRAMSÆKNI

## Gildi Landbúnaðarháskóla Íslands

Við vinnum að sjálfbærri nýtingu auðlinda og hágæða matvælaframleiðslu.

Við vinnum að hagsæld fyrir framleiðendur, neytendur, samfélag og umhverfi.

Við leggjum ríka áherslu á nýsköpun og rannsóknir á alþjóðamælikvarða og fléttum þá vinnu inn í kennslu með það að markmiði að auka samkeppnishæfni og verðmætasköpun.

